

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2011 í máli nr. X-24/2010:

Arrowgrass Master Fund Limited

Arrowgrass Distressed Opportunities Fund Limited

CIG & Co

Conseq Invest plc

Conseq Investment Management AS

CVI GVF (Lux) Master S.a.r.l

Fondo Latinoamericano de Reservas (F.L.A.R.)

GLG European Distressed Fund

GLG Market Neutral Fund

ING Life Insurance and Annuity

ING USA Annuity and Life Insurance Co.

LMN Finance Ltd.

Lyxor/Third Point Fund Limited

Monumental Life Insurance Company

National Bank of Egypt (UK) Limited

Ohio National Life Assurance Corporation

PHL Variable Insurance Company

Phoenix Life Insurance Company

Reliastar Life Insurance Company

Security Life of Denver Insurance

Sun Life Assurance Company of Canada

Third Point Partners LP (US)

Third Point Offshore Master Fund LP

Third Point Partners Qualified LP

Third Point Ultra Master Fund LP (Cayman)

Värde Fund LP

Värde Fund V-B LP

Värde Fund VI-A LP

Värde Fund VII-B LP

The Värde Fund VIII LP

The Värde Fund IX LP/The Värde Fund IX-A LP

Värde Investment Partners LP

Värde Investment Partners (Offshore) Master LP

WGZ Bank Luxembourg S.A.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bayerische Landesbank

Bremer Landesbank

Commerzbank AG

Commerzbank International S.A.,

Erste Europäische Phandbrief- und Kommunalkreditbank AG

Eurohypo Aktiengesellschaft

DekaBank Deutsche Girozentrale

DekaBank Deutsche Girozentrale Luxembourg S.A.

Deutsche Postbank International S.A.

Düsseldorfer Hypothekenbank AG
DZ BANK AG Deutsche Zentral-Genossenschaftsbank
Landsbank Baden-Württemberg
LBBW Luxembourg SA
Landesbank Berlin AG
Deutsche Postbank AG
Deutsche Hypothekenbank AG
KfW Bankengruppe
Raiffeisen Zentralbank Österreich AG
Österreichische Volksbanken AG
Sparkasse Oberhessen
Taunus-Sparkasse
Sparkasse Phorzheim Calw
Sparkasse-Jena-Saale-Holzland
Sparkasse Hannover
Nassauische Sparkasse Astant des öffentlichen Rechts
Sparkasse zu Lübeck AG
Kreissparkasse Peine
Die Sparkasse Bremen AG
Sparkasse Oder-Spree
Vereinigte Sparkassen im Landkreis Weilheim
Caixa Geral de Depositos
The Royal Bank of Scotland plc.
ABN AMRO Bank NV, London Branch
(Arnar Þór Jónsson hrl.)

Skiki ehf.

Blomstri ehf.

Íslenska útflutningsmiðstöðin hf.

Rakel Óttarsdóttir

Óttar Yngvason

(Óttar Yngvason hrl.)

Deutsche Bank Trust Company Americas

(Eyvindur Sveinn Sólnes hrl.)

Landsbanki Guernsey Ltd.

(Jóhannes Eiríksson hdl.)

gegn

Landsbanka Íslands hf.

(Kristinn Bjarnason hrl.)

Kent County Council

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Mál þetta, sem þingfest var 30. apríl 2010 var tekið til úrskurðar 18. febrúar 2011.

1.0. Kröfugerð og aðild

Af hálfu sóknaraðilanna Arrowgrass Master Fund Limited og þrjátíu og fjögurra annarra kröfuhafa, hér eftir nefndir Arrowgrass Master Fund Limited o.fl., er þess krafist að vísað verði frá dómi a-lið aðalkröfu varnaraðilans Kent County Council. Annars eru endanlegar dómkröfur þessara sóknaraðila þær aðallega að kröfu Kent County Council nr. 767 á kröfuskrá, að lýstri fjárhæð 1.013.833.462 krónur, verði hafnað sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð

Landsbanka Íslands hf. Til vara krefjast sóknaraðilarnir þess að verði fallist á að einhver hluti kröfu kröfunnar njóti forgangs skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 þá skuli sú fjárhæð vera að hámarki 20.887 evrur. Til þrautavara er þess krafist að hafnað verði öllum kröfum Kent County Council um að vextir er fallið hafi á kröfuna njóti stöðu forgangskröfu skv. tilvitnaðri 112. gr. Sóknaraðilarnir krefjast þess og að hafnað verði öllum gagnkröfum varnaraðilans Kent County Council, sem lúti að viðurkenningu á kröfufjárhæðum umfram þær fjárhæðir sem samþykktar hafi verið af slitastjórn Landsbankans, þ.m.t. um forgangsrétt slíkra fjárhæða. Í öllum tilvikum krefjast sóknaraðilarnir málskostnaðar úr hendi varnaraðilanna, hvors um sig eða in solidum, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, í samræmi við hagsmuni, að viðbættu álagi vegna virðisaukaskatts.

Af hálfu sóknaraðilanna Bayerische Landesbank og þrjátíu og þriggja annarra kröfuhafa, hér eftir nefndir Bayerische Landesbank o.fl., er þess krafist að vísað verði frá dómi a-lið aðalkröfu varnaraðilans Kent County Council. Annars eru endanlegar dómkröfur þessara sóknaraðila þær aðallega að kröfu Kent County Council nr. 767 á kröfuskrá, að lýstri fjárhæð 1.013.833.462 krónur, verði hafnað sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. Til vara krefjast sóknaraðilarnir þess að verði fallist á að einhver hluti kröfunnar njóti forgangs skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 þá skuli sú fjárhæð vera að hámarki 20.887 evrur. Til þrautavara er þess krafist að hafnað verði öllum kröfum Kent County Council um að vextir er fallið hafi á kröfuna eftir 6. október 2008 njóti stöðu forgangskröfu skv. tilvitnaðri 112. gr. Sóknaraðilarnir krefjast þess og að hafnað verði öllum gagnkröfum varnaraðilans Kent County Council, sem lúti að viðurkenningu á kröfufjárhæðum umfram þær fjárhæðir sem samþykktar hafi verið af slitastjórn Landsbankans, þ.m.t. um forgangsrétt slíkra fjárhæða. Í öllum tilvikum krefjast sóknaraðilarnir málskostnaðar úr hendi varnaraðilanna, hvors um sig eða in solidum, að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, í samræmi við hagsmuni, að viðbættu álagi vegna virðisaukaskatts.

Af hálfu sóknaraðilanna Skika ehf., Blomstra ehf., Íslensku útflutningsmiðstöðvarinnar hf., Óttars Yngvasonar og Rakelar Óttarsdóttur er þess krafist að ógilt verði viðurkenning slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. á kröfu varnaraðilans Kent County Council að fjárhæð 5.000.000 sterlingspunda, auk vaxta að fjárhæð 28.431,51 sterlingspund [svo], sem forgangskröfu á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 1616/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þeirri lagagrein hafi verið breytt með 6. gr. laga nr. 44/2009, sem tekið hafi gildi 22. apríl 2009, sbr. einnig 6. gr. laga nr. 125/2008. Er þess og krafist að krafa varnaraðilans verði aðeins viðurkennd sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 við úthlutun úr búi Landsbanka Íslands hf. Þá er þess krafist að varnaraðilarnir Kent County Council og Landsbanki Íslands hf. verði in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðilunum málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu sóknaraðilans Deutsche Bank Trust Company Americas er þess krafist að hnekkj verði með dómi þeirri ákvörðun slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. að kröfur varnaraðila, Kent County Council, verði viðurkenndar sem forgangskröfur í skilningi 112. gr. laga nr. 21/1991. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu sóknaraðilans Landsbanka Guernsey Ltd. er þess aðallega krafist að afstöðu slitastjórnar varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., til kröfu varnaraðila, Kent County Council, verði hrundið og breytt á þá leið að krafan verði einungis viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð bankans. Til vara krefst sóknaraðilinn þess að krafa varnaraðila, Kent County Council, verði aðeins viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að hámarki 20.887 evrur fyrir hverja innstæðu sem kröfulýsingin tekur til. Þá er þess krafist að varnaraðilum verði gert in solidum að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. eru endanlegar dómkröfur þær að staðfest verði afstaða slitastjórnar bankans um að viðurkenna kröfu Kent County Council nr. 767 í kröfuskra sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 að fjárhæð 5.300.000 sterlingspund, sem umreiknist í kröfuskra í 1.012.724 krónur. Að því leyti sem Kent County Council hafi gert kröfur um að fá viðurkennda sem forgangskröfu hærri fjárhæð en slitastjórn hafi þegar samþykkt sé þess krafist að þeim kröfum verði hafnað. Ekki sé gerð krafa um málskostnað úr hendi annarra málsaðila en þess krafist að kröfum þeirra um málskostnað úr hendi varnaraðilans verði hafnað.

Varnaraðilinn Kent County Council krefst þess að hafnað verði þeirri kröfu sóknaraðilanna Arrowgrass Master Fund Ltd. o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. að vísað verði frá dómi a-lið aðalkröfu hans.

Varnaraðilinn gerir að öðru leyti þær dómkröfur aðallega:

a) Að krafa varnaraðila á hendur Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 5.000.000 sterlingspund með 6% samningsvöxtum frá 22. apríl 2008 til og með 21. apríl 2009, samtals 5.300.000 sterlingspund verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

b) Að krafa varnaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, þann 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 3.484,93 sterlingspund verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla the English Judgments Act 1838, samtals að fjárhæð 1.162,00 sterlingspund verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til þrautavara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 6% samningsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 871 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr.

laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að vextir að álitum verði staðfestir sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

c) Að krafa varnaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.071,34 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Til vara er þess krafist:

a) Að krafa varnaraðila á hendur Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 5.000.000 sterlingspunda með 6% samningsvöxtum frá 22. apríl 2008 til og með 21. apríl 2009, samtals 5.300.000 sterlingspund, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

b) Að krafa varnaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, þann 22. apríl 2009 samtals að fjárhæð 3.484,93 sterlingspund verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla the English Judgments Act 1838, samtals að fjárhæð 1.162,00 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til þrautavara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 6% samningsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 871 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að vextir að álitum verði staðfestir sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

c) Að krafa varnaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 1.071,34 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Þá krefst varnaraðilinn þess að honum verði, bæði í aðal- og varakröfu, dæmdur málskostnaður, auk virðisaukaskatts af málskostnaði, úr hendi sóknaraðila in solidum, að mati dómsins.

2.0. Helstu atvik máls

Með bréfi Landsbanka Íslands hf. til Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. janúar 2005, tilkynnti bankinn um fyrirhugaða stofnun og starfsemi útibús í London. Þá tilkynnti bankinn hinn 29. júní sama ár að hann hygðist útvíkka starfsemi útibúsins þannig að þar yrðu einnig móttækin innlán. Kemur fram í tilkynningunni að um sé að ræða „móttöku heildsöluinnlána í nafni útibúsins sem aflað verður fyrir milligöngu

Heritable Bank Ltd.“.

Varnaraðilinn Kent County Council er enskt sveitarfélag, staðsett í Maidstone í Kent. Byggist krafa hans á samkomulagi hans við varnaraðilann Landsbanka Íslands hf., sem komst á fyrir milligöngu miðlara í Bretlandi, um að Landsbankinn skyldi hafa fjárhæðina 5.000.000 sterlingspunda, sem bankinn hafði áður haft til ávöxtunar sem fyrir varnaraðilann hjá útibúi sínu í London, áfram til ávöxtunar á reikningi útíbúsins frá og með 22. apríl 2008. Hafði fjárhæðin upphaflega verið millifærð af reikningi varnaraðilans Kent County Council í National Westminster Bank plc inn á reikning Landsbankans hjá HSBC Bank plc, en hún síðan færð áfram til útíbús Landsbankans í London og færð þar undir reikning nr. 20000174 í nafni varnaraðilans Kent County Council. Samkvæmt fyrirleggjandi staðfestingu Landsbankans til varnaraðilans Kent County Council, sem ber yfirskriftina: „Deposit Confirmation“, sem þýtt er af löggiltum skjalaþýðanda sem staðfesting á innláni, skyldi fjárhæðin vera bundin í 365 daga á 6% föstum vöxtum og því vera laus til útborgunar, ásamt 300.000 sterlingspunda vaxtagreiðslu, hinn 22. apríl 2009.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tók Fjármálaeftirlitið hinn 7. október 2008 yfir vald hluthafafundar í varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf., vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilanefnd. Landsbanka Íslands var veitt greiðslustöðvun með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 2008 og tók þá til starfa aðstoðarmaður bankans við greiðslustöðvun. Með lögum nr. 44/2009, um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi 22. apríl 2009, var bankinn síðan tekinn til slitameðferðar og honum skipuð slitastjórn. Fer slitastjórn með þá þætti slitameðferðarinnar er lúta að meðferð krafna á hendur bankanum. Samkvæmt auglýsingu hennar um innköllun til kröfuhafa bankans lauk kröfulýsingarfresti 30. október sama ár. Varnaraðilinn, Kent County Council, lýsti kröfu á hendur bankanum hinn 28. október 2009 og krafðist þess að höfuðstóllinn 5.000.000 sterlingspunda, ásamt samningsvöxtum fyrir samningstímabilið frá 22. apríl 2008 til og með 21. apríl 2009, samtals 300.000 sterlingspund, yrði viðurkennt sem forgangskrafa við slitameðferðina skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá var þess og krafist aðallega að dráttarvextir skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, en til vara vanskilavextir að breskum rétti, hinn 22. apríl 2009, auk kostnaðar sem fallið hefði á fyrir þann dag, yrðu viðurkennt sem forgangskrafa. Þá lýsti varnaraðilinn kröfu vegna vaxta og kostnaðar sem fallið hefði til eftir 22. apríl 2009 sem eftirstæðri kröfu skv. 114. gr. laga nr. 21/1991. Slitastjórn Landsbankans samþykkti höfuðstól kröfunnar sem forgangskröfu sem og samningsvexti til umsamins útborgunardags, eða samtals 5.300.000 sterlingspund, en hafnaði öðrum liðum kröfunnar eða tók ekki afstöðu til þeirra. Af hálfu varnaraðila Kent County Council var þessari afstöðu slitastjórnarinnar mótmælt og þess krafist að krafan yrði viðurkennd að fullu eins og henni hefði verið lýst. Þá var þeirri afstöðu slitastjórnarinnar að samþykkja hluta kröfunnar sem forgangskröfu mótmælt af hálfu verulegs fjölda erlendra kröfuhafa og nokkurra innlendra kröfuhafa. Þar sem ekki tókst að jafna þennan ágreining á kröfuhafafundum í kjölfarið beindi slitastjórnin ágreiningnum til úrlausnar héraðsdóms, með bréfi dags. 23. febrúar

2010, með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr., laga nr. 21/1991. Kom þar meðal annars fram að auk slitastjórnar bankans yrðu tilteknir kröfuhafar er mótmælt hefðu afstöðu slitastjórnarinnar, sbr. sérstakan lista er fylgdi með, að eiga þar aðild. Undir rekstri málsins voru lagðar fram yfirlýsingar tilgreindra aðila sem á þeim lista voru um að þeir óskuðu ekki eftir að eiga beina aðild að máli þessu án þess að í því fælist afturköllun á fyrri mótmælum við afstöðu slitastjórnar til kröfu varnaraðilans Kent County Council.

Með tilliti til þess að slitastjórn Landsbanka Íslands hf. hafði að langstærstum hluta fallist á kröfur varnaraðilans Kent County Council í málinu, gegn mótmælum þeirra almennu kröfuhafa sem telja til aðildar að því, ákvað dómari undir rekstri málsins að hinir almennu kröfuhafar skyldu teljast sóknaraðilar þess en Kent County Council og Landsbanki Íslands hf. yrðu saman varnaraðilar.

3.0. Málsástæður og lagarök

3.1. *Sóknaraðilarnir Arrowgrass Master Fund Limited o.fl.* vísa til þess vegna frávisunarkröfu sinnar að varnaraðilinn Kent County Council hafi tekið undir og samsinnt afstöðu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. um að fallast á a-lið varakröfu hans sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferðina. Með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 638/2010 hljóti þetta að leiða til þess að þeir geti ekki látið málið til sín taka og beri því að vísa þessum hluta kröfugerðar varnaraðilans frá dómi.

Varðandi efnispáttinn byggja þessir sóknaraðilar í fyrsta lagi á því að krafa varnaraðilans Kent County Council falli utan gildissviðs lagaákvæða um forgang innstæðna. Krafa varnaraðilans sé aðeins ein af mörgum kröfum sem lýst sé við slitameðferð Landsbankans og eigi rætur að rekja til fjárfestinga bankans á heildsölu fjármagnsmarkaðinum. Í þeim tilvikum hafi kröfuhafinn lánað Landsbankanum fjármuni í viðskiptum sem komist hafi á og samist um á heildsölu fjármagnsmarkaði. Fjármunirnir hafi verið afhentir bankanum um tiltekinn tíma og á því tímabili hafi lánveitandinn engan aðgang haft að fjármuninum. Kröfur þessar teljist ekki til innstæðna heldur sé um að ræða tiltekið fjárfestingarform eða lánveitingu. Skýrlega verði ráðið af þessum viðskiptum Landsbankans við varnaraðilann Kent County Council að tiltekin megineinkenni greini þessi lán frá innstæðum. Þannig hafi viðskiptin komist á fyrir milligöngu sérstaks miðlara og ekki falið í sér að innstæðueigandinn greiddi peningaupphæð til bankans til geymslu og/eða til þess að nýta greiðsluþjónustu og almenna bankaþjónustu. Fjármunirnir hafi ekki verið geymdir á sérstökum bankareikningi sem opnaður hafi verið í nafni innstæðueigandans heldur hafi þeir þvert á móti verið lagðir inn á almennan reikning hjá þriðja aðila, í þessu tilviki HSBC Bank plc. Fjármunirnir hafi ekki heldur verið aðgengilegir fyrir en á gjalddaga og hafi þar fyrir utan verið ómögulegt að taka þá út þegar þess hafi verið óskað. Þá hafi greiðslustaður viðskiptanna ekki verið hjá Landsbankanum heldur skyldi fjárhæðin greiðast inn á bankareikning sem tilgreindur hafi verið af kröfuhafanum í upphafi viðskiptanna. Loks sé ljóst að um þessi viðskipti hafi ekki gilt staðlaðir skilmálar, sem samdir hafi verið einhliða af bankanum, eins og sé raunin með innstæðum,

heldur hafi verið samið sérstaklega um skilmálana hverju sinni. Hafi umrædd viðskipti verið til tiltekins tíma, rúmlega eins árs. Hafi þau verið með föstum 6% vöxtum og hafi bankanum borið að endurgreiða höfuðstólinn og vextina á gjalddaga rúmlega ári síðar.

Sóknaraðilar vísa til þess að forgangur innstæðna hafi verið lögleiddur með ákv. 6. gr. laga nr. 125/2008. Ákvæði þessu hafi svo verið breytt með 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009, sem breytt hafi lögnum um fjármálafyrirtæki. Bæði þessi ákvæði vísi til skilgreiningar laganna nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta á því hvað sé innstæða, en lög þessi byggji á tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar. Verði að skilja framangreind lagaákvæði þannig að einungis innstæðum sem njóti tryggingar samkvæmt lögum nr. 98/1999 sé ætlað að njóta forgangsréttar. Skilgreiningu á því hvað sé innstæða sé að finna í 3. mgr. 9. g. þeirra laga og sé þar skýrt tekið fram að hugtakið innstæða nái ekki til „skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa“.

Á því sé byggt að umrædd krafa sé í formi verðbréfs og því undanskilin í framangreindri skilgreiningu á innstæðum. Þar eð ekki sé að finna sérstaka skilgreiningu á því í lögum nr. 98/1999 hvað átt sé við með hugtakinu verðbréf verði hvað það varði að horfa til skilgreiningar á því hugtaki í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, svo og í eldri lögum um sama efni nr. 33/2003 og 13/1996. Með hliðsjón af þeim skilgreiningum og útskýringum sem fram komi í framangreindum lögum og lögskýringargögnum með þeim megi draga þær ályktanir að megininkenni hugtaksins verðbréfs sé að það sé framseljanlegt, ekki sé gerð krafa um tiltekið form á því og að kröfur um greiðslur í reiðufé geti talist verðbréf. Þegar þau heildsöluviðskipti sem um ræði í þessu máli séu skoðuð með þetta í huga megi sjá að krafa varnaraðilans hafi verið framseljanleg, af viðskiptunum leiði krafa um greiðslu í reiðufé, um viðskiptin hafi verið samið fyrir milligöngu miðlara á fjármagnsmarkaði enda séu gerningarnir framseljanlegir á fjármagnsmörkuðum. Heildsöluviðskiptin hafi því verið í formi verðbréfs skv. lögum nr. 98/1999 og því undanskilin samkvæmt þeim.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að heildsöluviðskipti teljist ekki verðbréf samkvæmt undantekningunni í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 sé á því byggt að viðskiptin falli ekki undir skilgreininguna á innstæðu samkvæmt ákvæðum laga um forgang innstæðna. Þetta sé ljóst út frá almennri orðskýringu en einnig út frá markmiðum lagasetningarinnar. Þannig sé ljóst að ætlun löggjafans við innleiðingu lagaákvæðanna um forgang innstæðna hafi ekki verið sú að veita kröfum eins og þeirri er hér um ræði forgangsrétt heldur hafi löggjafinn vísað til þess að nauðsynlegt væri að veita einstaklingum, innstæðum þeirra og sparifé, vernd.

Í ljósi málsatvika og þeirra atriða sem greini heilðsöluviðskipti almennt, og kröfuna er sé til umfjöllunar sérstaklega, frá innstæðum og í ljósi þess markmiðs íslenska ríkisins við innleiðingu lagaákvæða um forgang innstæðna að vernda smásöluinnstæðueigendur og sparifjáreigendur, verði að telja að sönnunarbyrði um að krafan teljist innstæða hvíli á kröfuhafanum sjálfum, varnaraðilanum Kent County Council. Eigi þetta sérstaklega við vegna þeirra takmarkana á réttindum sem forgangur innstæðna, að því leyti sem honum kunni að vera beitt af hálfu dómsins, hafi í för með sér.

Verði ekki fallist á framangreind rök sé á því byggt að ákvæði hinnar nýju löggjafar, þ.m.t. neyðarlaganna nr. 125/2008, í tengslum við forgang innstæðna, svo og uppskiptingu bankanna og endurfjármögnun nýju bankanna, séu ósamrýmanleg og í andstöðu við grundvallarreglur um friðhelgi eignarréttar, um jafnræði og bann við mismunun sem njóti verndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Séu þau þar af leiðandi ógild og óbindandi og beri að líta fram hjá þeim við úrlausn máls þessa.

Tvímælalaust sé að kröfur sóknaraðila auk lögættra væntinga þeirra njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. fyrsta samningsviðauka mannréttindasáttmálans sem eignir. Hafi aðgerðir ríkisins varðandi stöðu kröfuhafa í skuldaröð falið í sér de facto sviptingu eignaréttinda kröfuhafa, annarra en innstæðueigenda, en þeir kröfuhafar séu mestmegnis útlendingar. Um hafi verið að ræða réttindi til að njóta jafnrar stöðu á við aðra almennra kröfuhafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 fyrir innleiðingu neyðarlaganna. Það sama megi segja um skiptingu bankanna, endurfjármögnun nýju bankanna og flutning skulda og eigna til þeirra. Hafi sóknaraðilarnir sætt ólögætri mismunun með því að verðmæti réttinda þeirra, sem njóti verndar við slitameðferð samkvæmt settum lögum, hafi verið skert að verulegu leyti eða gerð að engu. Hafi þessi eignaskerðing valdið sóknaraðilum umtalsverðu tjóni. Ljóst sé að innlendir innstæðueigendur hafi strax öðlast forgang í reynd með skiptingu bankanna og endurfjármögnun nýju bankanna á kostnað annarra kröfuhafa sem átt hafi kröfur er áfram hafi orðið skuldir gömlu bankanna. Þegar litið sé á ráðstafanir ríkisins sé ljóst að þær hafi haft í för með sér mismunun milli a.m.k. þriggja hópa kröfuhafa: Í fyrsta lagi innlendra innstæðueigenda, sem hafi algerlega verið losaðir úr slitameðferðinni með skiptingu bankanna og endurfjármögnun nýju bankanna, og því í raun notið óþarfrar verndar lagaákvæða hinnar nýju löggjafar um forgang innstæðna, í öðru lagi erlendra innstæðueigenda sem hafi verið settir í mun betri stöðu en aðrir almennir kröfuhafar með lagaákvæðunum um forgangrétt innstæðueigenda og í þriðja lagi einkum erlendra kröfuhafa, annarra en innstæðueigenda, sem hafi verið settir í þá stöðu að réttindi þeirra hafi að verulegu leyti eða öllu leyti verið svipt verðmæti sínu.

Að því marki sem gripið hafi verið til aðgerðanna í því skyni að tryggja virkni íslenska bankakerfisins og koma í veg fyrir tafarlaust hrun íslensks efnahags þá hafi þær ráðstafanir sem gripið hafi verið til verið óhóflegar, það er í andstöðu við meðalhóf. Leiði þetta þegar af því að engar bætur hafi verið greiddar þeim kröfuhöfum sem borið hafi hinar fjárhagslegu byrðar af vernd innlendra og erlendra

innstæðueigenda. Hafi skaðabætur ekki verið greiddar geti það leitt til þess að þær takmarkanir á eignarréttindum, eða inngríp í notkun eigna sem um ræði, teljist ólögmætar. Ráðstafanirnar teljist einnig í andstöðu við meðalhóf þar sem þær hafi ekki verið í rökrænum tengslum við það markmið að viðhalda virkni bankakerfisins og að koma í veg fyrir tafarlaust hrun bankanna. Sé gert ráð fyrir að þetta markmið hafi krafist þess að stjórnvöld reyndu að koma í veg fyrir áhlaup á bankana sé sérstaklega vakin athygli á því að enginn frekari ávinningur hafi fylgt aðgerðunum fyrir íslenskt bankakerfi þar eð innlendar innstæður hefðu þá þegar verið fluttar til nýju bankanna og innlendum innstæðueigendum þannig í reynd verið veitt full trygging fyrir innstæðum sínum. Aðgerðirnar hafi ekki verið vandlega mótaðar til að ná því lögmæta markmiði sem að hafi verið stefnt heldur hafi þær verið byggðar á órökréttum sjónarmiðum, geðþótta og ósanngirni. Þá sé og ljóst að framangreindar ráðstafanir hafi ekki falið í sér minnstu mögulegu skerðingu á umræddum réttindum auk þess að fela í sér brot gegn meginreglum um bann við afturvirkni og skýrleika laga, þ.á m. brot á lögmætum væntingum sóknaraðila um að ný lögjöf sem hefði áhrif á eignarréttindi þeirra myndi samrýmast þessum meginreglum.

Vísað sé og til þess að innleiðing forgangs innstæðna með afturvirkum hætti brjóti í bága við grundvallarregluna um jafnræði og bann við mismunun sem njóti verndar 65. gr. stjórnarskrárinnar, 1. gr. fyrsta samningsviðauka mannréttindasáttmálans og 6. gr. í samræmi við 14. gr. mannréttindasáttmálans. Grundvallarreglur þessar gildi einnig að Evrópurétti og hafi því gildi í íslenskum rétti í gegnum EES-samninginn. Fyrir liggir að ákvæði laga nr. 125/2008 og 44/2009 mæli fyrir um mismunandi meðferð sambærilegra tilvika með því að einn hópur almennra óveðtryggðra kröfuhafa, innstæðueigendur, hafi með lögum verið færður í stöðu forgangskröfuhafa á kostnað annarra kröfuhafa sem ekki séu innstæðueigendur. Með því hafi verið raskað stöðu aðila sem verið hafi í sambærilegri stöðu án þess að málefnaleg sjónarmið réttlættu hina mismunandi meðferð og teljist slík aðgerð bein mismunun gagnvart hinum almennu kröfuhöfum. Þá liggir einnig fyrir óbein mismunun á grundvelli þjóðernis þar sem kröfuhafar bankanna, sem ekki séu innstæðueigendur, einkum erlendir aðilar, muni bera óhóflega byrði samanborið við aðra kröfuhafa bankanna vegna þeirrar staðreyndar að þjóðerni þeirra sé annað en íslenskt.

Á því sé byggt að umrædd lagaákvæði um forgang innstæðna verði ekki réttlætt með vísan til sjónarmiða um stjórnskipulegan neyðarrétt, enda sé enga slíka heimild að finna í stjórnarskránni sjálfri. Í það minnsta hljóti sá réttur þá að takmarkast við aðstæður sem skapist við stríðsástand auk þess sem óheimilt sé með öllu að víkja frá mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Þá sé ljóst að Alþingi hafi ekki litið svo á að það væri að beita rétti til þess að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár þegar neyðarlögin og lög þeim tengd hafi verið sett. Enga tilvísun um slíkt sé þannig að finna í lögskýringargögnum með greindri lögjöf. Þá liggir alla vega fyrir að ekkert neyðarástand hafi verið fyrir hendi í apríl 2009 þegar lög nr. 44/2009 um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hafi verið samþykkt, en þau hafi endurlögfest forgang innstæðna.

Til stuðnings aðalkröfu sóknaraðilans sé loks vísað til þess að umræddar aðgerðir íslenska ríkisins feli í sér ólögmæta mismunun gagnvart erlendum aðilum, sbr. 4. gr. EES-samningsins og 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2001/24/EB, og ákv. 40. gr. EES-samnings um bann við takmörkun á frjálsum flæði fjármagns milli aðildarríkjana, auk þess að fela í sér ólöglega ríkisaðstoð skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að forgangur innstæðna sé gildur og beiti löggjöfnni sem mælt hafi fyrir um hann sé því til vara haldið fram að túlka beri réttarreglur þar um með þeim hætti að forgangs njóti einungis kröfur að hámarki 20.887 evrur. Sé í því sambandi einkum bent á að forgangur á grundvelli neyðarlaganna hafi verið veittur „innstæðum samkvæmt lögum nr. 98/1999“, en þau lög varði einungis innstæður upp að lögvörðu marki sem njóti tryggingar. Þó að lögin nefni að í tilteknum aðstæðum geti komið til greiðslu heildarfjárhæðar innstæðna þá sé eini hluti innstæðu sem raunverulega sé tryggður að höfuðstól 20.887 evrur. Enn fremur komi fram í 1. gr. laganna nr. 98/1999 að markmið þeirra sé að veita innstæðueigendum lágmarksvernd við greiðsluþrot banka. Því sé þess vegna haldið fram að markmið löggjafans hafi verið að veita þeirri fjárhæð forgang, sem nemi hinni tryggðu fjárhæð 20.887 evrum, en þeim hluta umræddra krafna sem fari umfram þessa upphæð stöðu almennrar kröfu. Ljóst sé að sú túlkun að einungis þessi tiltekna fjárhæð eigi að njóta stöðu forgangskröfu myndi virða lögmætar væntingar innstæðueigendanna, enda væru þannig tryggðar endurheimtur þeirrar fjárhæðar sem þeir hafi mátt vænta að fá greidda frá Tryggingasjóðnum ef til ógjaldfærni eins bankanna kæmi.

Loks sé á því byggt að umræddur forgangsréttur eigi ekki að ná til neinna krafna um áfallna vexti og kostnað. Samkvæmt lögnum nr. 98/1999, sbr. einnig reglugerð nr. 120/2000 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, einkum 5. gr., beri að reikna fjárhæð innstæðu miðað við stöðu hennar á þeim degi sem Fjármálaeftirlitið gefi út álit um að fjármálaþyrirtæki sé ekki fært að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu. Fjármálaeftirlitið hafi gefið út það álit 27. október 2008 að 6. október hafi Landsbankanum verið ófært að standa við skuldbindingar vegna innstæðna. Hafi skyldur Tryggingasjóðsins því orðið virkar þann sama dag og teljist vextir sem fallið hafi til eftir hinn skilgreinda dag því ekki til tryggra innstæðna skv. lögum nr. 98/1999. Varðandi kostnaðarkröfu varnaraðilans Kent County Council sé á því byggt að hann hafi ekki sýnt fram á að sá kostnaður sem hann geri kröfu um sé kostnaður af innheimtu kröfunnar. Þá sé ljóst að fallist dómurinn á að slík krafa sé til staðar geti hún ekki undir neinum kringumstæðum notið sama forgangs og höfuðstóll kröfunnar verði hann talinn njóta forgangs við slitameðferðina, enda geti kostnaðurinn aldrei talist vera innstæða í skilningi laga nr. 98/1999. Verði í þessu sambandi að hafa í huga að forgangur krafna fram yfir almennar kröfur sé undantekning frá meginreglunni um jafnræði kröfuhafa.

3.2. *Sóknaraðilarnir Bayerische Landesbank o.fl.* vísa til þess vegna frávísunarkröfu sinnar að varnaraðilinn Kent County Council hafi tekið undir og

samsinnt afstöðu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. um að fallast á a-lið varakröfu hans sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferðina. Með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 638/2010 hljóti þetta að leiða til þess að þessi varnaraðili geti ekki látið málið til sín taka og beri því að vísa þessum hluta kröfugerðar hans frá dómi.

Varðandi efnisþátt málsins kveðast sóknaraðilarnir í fyrsta lagi byggja á því að krafa varnaraðilans Kent County Council geti ekki talist innstæða í þeim skilningi sem máli skipti og geti hún því ekki notið forgangs sem slík. Sé á það bent að forgangur innstæðna hafi verið lögleiddur með ákv. 6. gr. laga nr. 125/2008. Ákvæði þessu hafi svo verið breytt með 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009, sem breytt hafi lögnum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bæði þessi ákvæði vísi til skilgreiningar sem fram komi í ákv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta á því hvað sé innstæða, en lög þessi byggja á tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar. Verði að skilja framangreind lagaákvæði þannig að einungis innstæðum sem njóti tryggingar samkvæmt lögum nr. 98/1999 sé ætlað að njóta forgangsréttar.

Krafa Kent County Council geti ekki talist innstæða í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/199 þar sem hún teljist vera „í formi verðbréfa“, teljist ekki vera „tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi“ og falli að öðru leyti ekki undir skilgreiningu innstæðu samkvæmt lögum nr. 98/1999. Skýrt sé tekið fram í tilvitnuðu lagaákvæði að skilgreining innstæðna nái ekki til „skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa“. Í lögnum sé ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu „verðbréf“ en slíka skilgreiningu sé hins vegar að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, svo og í eldri lögum um sama efni nr. 33/2003 og 13/1996. Í 2. gr. laganna nr. 108/2007 sé hugtakið verðbréf skilgreint þannig: „Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.“ Þá sé í greinargerð með frumvarpi til framangreindra laga tekið fram: „Samkvæmt ákvæðinu þarf að vera hægt að eiga víðskipti með verðbréf á fjármagnsmarkaði til að það falli undir skilgreininguna. Með víðskiptum á fjármagnsmarkaði er átt við víðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði, á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða víðskipti fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis með leyfi til verðbréfavíðskipta.“ Sóknaraðilar telji að krafa varnaraðila sé framseljanleg og að um hafi verið að ræða víðskipti á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, með milligöngu fjármálafyrirtækis með leyfi til verðbréfavíðskipta. Þá hafi víðskiptin haft einkenni verðbréfs. Megi í því sambandi nefna eftirfarandi þætti sem helst einkenni hina umdeildu kröfu: Samið hafi verið sérstaklega um skilmála víðskiptanna; samningarnir hafi tekist fyrir milligöngu miðlara á hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði; víðskiptin hafi þjónað þeim almenna tilgangi að vera skammtímafjárfesting fyrir kröfuhafann, fremur en leið til að geyma handbært fé, svo sem almennt sé tilgangur innlána; tilgangur víðskiptanna frá sjónarhóli Landsbankans hafi verið að mæta almennri þörf fyrir rekstrarfé og virðist víðskiptanna hafa verið leita með virkum hætti á hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði; fjármunina skyldi endurgreiða á tilteknum tíma en að

öðru leyti hafi kröfuhafinn ekki haft neinn aðgang að þeim; samið hafi verið sérstaklega um fasta vexti, sem skyldi greiða ásamt höfuðstól á gjalddaga; þau kjör sem varnaraðila Kent County Council hafi boðist hafi ekki verið í boði fyrir hinn almenna innlánseiganda; varnaraðilinn, sem notið hafi sérfræðiaðstoðar, teljist fagfjárfestir í þessu sambandi og hlutverk hans og staða hafi verið gjörólík þeirri stöðu sem almennir innlánseigendur séu í; ekki virðist hafa verið um sérstakan bankareikning að ræða í nafni kröfuhafans heldur virðist kröfuhafinn þvert á móti hafa greitt fjármuni inn á reikning Landsbankans hjá þriðja aðila; þau skjöl sem viðskiptin byggist á séu gjörólík þeim skjölum sem liggi til grundvallar innstæðum; svo virðist sem samningur um lánveitingu hafi tekist milli miðlarans og Landsbankans, sennilega munnlega, en um hann liggi ekki fyrir nein gögn önnur en eftirfarandi staðfesting frá Landsbankanum; þá skyldi Landsbankinn endurgreiða fjárhæðina með vöxtum inn á bankareikning Kent County Council í National Westminster Bank plc. á gjalddaga. Slíkt samrýmist ekki innlánsviðskiptum og feli jafnframt í sér að greiðslustaður hafi verið hjá kröfuhafa. Þegar um innstæðuviðskipti sé að ræða sé greiðslustaður innlánsins hins vegar hjá bankanum sem taki við innstæðunni.

Verði ekki fallist á að krafan sé í formi verðbréfs þá verði allt að einu að telja að hún falli utan þeirrar merkingar á hugtakinu innstæða sem skipti máli, einkum með hliðsjón af tilgangi og markmiði þeirra lagaákvæða sem reyni á í málinu. Af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 184/2010 leiði að einungis tryggðar innstæður skv. lögum nr. 98/1999 geti flokkast undir innstæður í lögum nr. 125/2008 og nr. 44/2009. Til afmörkunar á því hvaða innstæður njóti tryggingar verði að líta til allra ákvæða laganna nr. 98/1999 svo og tilgangs þeirra og markmiðs. Ljóst megi vera að markmið laga nr. 98/1999, sbr. m.a. 1. gr. laganna, sé að veita almennum innstæðueigendum tiltekna lágmarksvernd. Byggi löggin augljóslega á sjónarmiðum um neytendavernd, svo sem einnig komi fram í inngangsorðum tilskipunar 94/19/EB, sem innleidd hafi verið í íslenskan rétt með lögunum. Hin umrædda krafa varnaraðila falli ekki undir þetta markmið, enda sé um að ræða fjárfestingu fagfjárfestis. Sé í þessu sambandi bent á að heildsölulán eða heildsöluinnlán hafi ekki verið þekkt fyrirbrigði á Íslandi þegar lög nr. 98/1999 hafi verið sett og þess því ekki að vænta að löggjafinn hafi tekið beina afstöðu til þess hvort slík viðskipti teldust innstæður í skilningi laganna. Þá sé enn fremur ljóst að forgangur kröfu fjárfesta eins og varnaraðila, sem átt hafi í viðskiptum á heildsölumarkaði með fjármagn, falli langt utan þess markmiðs sem löggjafinn kunnir að hafa stefnt að með innleiðingu ákvæða um forgang innstæðna með neyðarlögunum nr. 125/2008.

Sóknaraðilar telji að við skýringu á því hvaða kröfur skuli njóta forgangs sem innstæður í merkingu 6. gr. laga nr. 125/2008 og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009 verði að hafa hliðsjón af tilgangi þessarar lagasetningar. Þannig verði bæði að kanna forsögu og tilgang laga nr. 98/1999 svo og þeirra laga sem innleiddu forgang innstæðna, eða laga nr. 125/2008 og 44/2009. Sé litið til laga nr. 125/2008, svokallaðra neyðarlaga. Enda þótt svo virðist sem ríkisvaldið hafi með aðgerðum sínum stefnt að því að tryggja hagsmuni einstakra sparifjáreigenda og almennra viðskiptavina bankanna, auk þess að vernda lágmarksbankastarfsemi og greiðslumiðlun, telji sóknaraðilar að forgangur innstæðna og aðrar aðgerðir ríkisins

hafi hvorki verið til þess fallnar né nauðsynlegar til að ná þessum markmiðum. Allt að einu megi vera ljóst að forgangur kröfu fagfjárfesta svo sem varnaraðila sem átt hafi í viðskiptum á heildsölumarkaði með fjármagn falli langt utan við markmiðið sem löggjafinn kunnir að hafa stefnt að með innleiðingu ákvæða um forgang innstæðna. Með hliðsjón af framangreindu telji varnaraðilar að krafa varnaraðilans Kent County Council falli utan hugtaksins innstæða í lögum nr. 125/2008 og 44/2009.

Auk framangreinds minni sóknaraðilar á þrjú megin sjónarmið sem leiða eigi til þess að dóminum sé rétt og skylt að túlka ákvæði um forgang innstæðna þröngt. Í fyrsta lagi sé ljóst að forgangurinn feli í sér takmarkanir á réttindum sóknaraðila sem njóti verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Í öðru lagi verði að skýra ákvæðin þröngt til samræmis við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 og bókun 35 við EES-samninginn, svo og hið almenna sjónarmið íslensks réttar að skýra beri landsrétt í samræmi við þjóðréttarskuldbindingar. Sé það afstaða sóknaraðila að forgangur innstæðna brjóti gegn EES-samningnum, meðal annars ákvæðum hans um jafnræði. Í þriðja lagi sé ljóst að forgangur innstæðna feli í sér undantekningu frá meginreglu gjaldþrotaskiptaréttarins um jafnræði kröfuhafa sem leiði til þess að túlka beri hugtakið innstæða í ákvæðum laga um forganginn þröngt.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að umrædd krafa varnaraðila geti talist innstæða, og falli þannig innan lagaákvæða um forgang innstæðna, byggi sóknaraðilar á því að þessum lagaákvæðum verði ekki beitt þar sem þau séu í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár, mannréttindasáttmála Evrópu og EES-samninginn.

Í fyrsta lagi sé um það að ræða að forgangur innstæðna brjóti í bága við vernd eignarréttar skv. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. fyrsta viðauka mannréttindasáttmálans. Kröfur sóknaraðila á hendur Landsbankanum teljist tvímælalaust eignir í skilningi framangreindra ákvæða og njóti því verndar þeirra. Þessi réttindi hafi verið skert með ófyrirsjáanlegum og afturvirkum hætti er ákvæði um forgang innstæðna hafi verið leidd í lög. Hafi stöðu þessara krafna og verðmæti verið breytt eftir á með setningu laganna og fái slík lagasetning ekki staðist. Sóknaraðilar telji að þeim hafi verið gert að láta eignir sínar af hendi þar sem verðmæti kröfuréttinda þeirra á hendur Landsbankanum hafi rýrnað verulega þegar innstæðueigendum hafi verið veittur forgangur fram yfir þá. Þessi eignasvipting beinist einkum að einstökum kröfuhöfum, einkum erlendum kröfuhöfum Landsbankans, og geti því ekki talist heimil á grundvelli 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. fyrsta viðauka mannréttindasáttmálans sem almenn takmörkun á eignarréttindum. Forgangur innstæðna hafi verið innleiddur með afturvirkum hætti, algjörlega á kostnað sóknaraðila og annarra almennra kröfuhafa þar sem þeim sé gert að bera tap sem annars hefði fallið á innstæðueigendur eða tryggingarsjóð innstæðueigenda. Þar sem sóknaraðilar hafi verið sviptir eignarréttindum sínum með eignarnámi beri ríkinu skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar að greiða fullar bætur fyrir. Engar slíkar bætur hafi verið boðnar fram og því teljist beiting ákvæða laga um forgang innstæðna í andstöðu við stjórnarskrá. Auk þess sem sóknaraðilar telji

að ákvæði laga nr. 125/2008 veiti ekki fullnægjandi lagaheimild fyrir eignarnámi þar sem þau séu of óskýr og almennt orðuð.

Jafnvel þótt framangreind skerðing á eignarréttindum sóknaraðila verði ekki talin fela í sér eignarnám heldur almennar takmarkanir á eignarréttindum byggi sóknaraðilar á því að farið hafi verið út fyrir leyfilegt umfang slíkra takmarkana gagnvart stjórnarskránni og mannréttindasáttmálanum, einkum vegna þess að skerðingin feli í sér mismunum og virði ekki meðalhóf. Sérstaklega sé á því byggt að sóknaraðilar hafi haft lögmætar væntingar varðandi þá málsmeðferð sem íslensk löggjöf mælti fyrir um ef til gjaldþrots íslensku bankanna kæmi. Á þeim grundvelli hefðu þeir afhent Landsbankanum lánsfé. Þessar lögmætu væntingar njóti verndar eignarréttarákvæðisins en hvað þetta varði sé einnig vísað til skýrleika laga og banns við afturvirkni.

Í annan stað sé byggt á því að innleiðing forgangs innstæðna með afturvirkum hætti brjóti í bága við grundvallarregluna um jafnræði og bann við mismunun sem njóti verndar 65. gr. stjórnarskrárinnar, 14. gr. mannréttindasáttmálans í tengslum við 1. gr. fyrsta samningsviðauka, 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og 4. gr. og 40. gr. EES-samningsins. Sé hvað þetta varði einnig vísað til 12. og 16. liðar í formála tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana og enn fremur 16. gr. tilskipunarinnar. Auk þess sé vísað til meginreglu skiptaréttar um jafnræði kröfuhafa. Allar undantekningar frá þessari reglu verði að skýra þröngt. Fyrir liggir að ákvæði langa nr. 125/2008 og 44/2009 mæli fyrir um mismunandi meðferð sambærilegra tilvika og með því hafi verið raskað stöðu aðila sem verið hafi í sambærilegri stöðu án þess að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið réttlættu hina mismunandi meðferð. Auk þessa stefni mismununin ekki að lögmætu markmiði.

Í þriðja lagi sé vísað til þess að forgangur innstæðna standist ekki í ljósi stjórnskipulegrar meðalhófsreglu, sem meðal annars felist í ákvæðum 72. gr. og 65. gr. stjórnarskrárinnar, en einnig ákvæðum mannréttindasáttmálans. Sé í því sambandi bent á að ákvæði laga um forgang innstæðna hafi hvorki verið til þess fallinn að ná lögmætu markmiði í skilningi meðalhófsreglunnar né hafi forgangurinn verið nauðsynlegur í því tilliti. Standist ekki þau rök að aðgerðirnar hafi verið nauðsynlegar til að tryggja lágmarks bankastarfsemi og virkni greiðslukerfa eða að aðgerðirnar hafi verið nauðsynlegar til að koma í veg fyrir bankaáhlaup. Þvert á móti virðist sem með forganginum hafi einkum verið stefnt að því að forða ríkinu frá greiðsluskyldu vegna innstæðutrygginga og að flytja tap á hrúni bankanna frá ríkinu og til almennra kröfuhafa. Jafnvel þótt gengið sé út frá því að markmiðið hafi verið lögmætt, t.d. að vernda sparifé einstaklinga eða viðhalda lágmarks bankastarfsemi og koma í veg fyrir tafarlaust hrún efnahagskerfisins, telji sóknaraðilar forgang innstæðna hvorki hafa verið til þess fallinn né nauðsynlegan til að ná slíkum markmiðum. Sérstaklega verði ekki fallist á að vernd fagfjárfesta eins og varnaraðilans Kent County Council geti talist lögmætt markmið og verði reyndar að telja að vernd slíkra fjárfesta hafi alls ekki

fallið undir markmið aðgerðanna eins og áður hafi verið rakið.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að markmiðið með veitingu forgangsins hafi verið lögmætt þá telji sóknaraðilar að aðgerðin hafi hvorki verið til þess fallin að ná slíkum markmiðum né hafi hún verið nauðsynleg í því skyni. Telji sóknaraðilar að sönnunarbyrði um markhæfni og nauðsyn lagaákvæða sem takmarki stjórnarskrárvarin réttindi verði að hvíla á þeim sem hyggist byggja rétt sinn á þeim. Þá verði einnig að telja að beita hefði mátt vægara úrræði til að ná tilætluðum markmiðum eins og því að innleiða þrengri skilgreiningu á hugtakinu innstæða við setningu hinna umdeildu lagaákvæða. Loks sé í þessu sambandi vísað til þess að ekki sé nóg að horfa til þess hvaða nauðsyn kunni að hafa legið að baki lagasetningunni í október 2008 heldur verði einnig að horfa til þess hver staðan hafi verið í mars 2009 þegar lög nr. 44/2009 hafi verið sett. Á þeim tíma hafi ekki verið hægt að styðjast við sjónarmið um yfirvofandi glundroða, hrun greiðslukerfa eða algera stöðvun daglegra viðskipta og lágmarksbankastarfsemi. Verði alla vega að telja að ákv. 6. gr. laga nr. 44/2009 og beiting þess ákvæðis samrýmist ekki kröfum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um eignarréttarvernd, jafnræði og meðalhóf.

Sóknaraðilar bendi og á að forgangur innstæðna verði ekki réttlættur á grundvelli sjónarmiða um stjórnskipulegan neyðarrétt. Hvað það varði sé einkum á því byggt að stjórnskipulegur neyðarréttur eigi sér enga stoð í íslenskum stjórnskipunarrétti. Ljóst megi vera að Alþingi hafi ekki litið svo á að samþykkt laga nr. 125/2008 byggðist á einhvers konar frávikum frá ákvæðum stjórnarskrárinnar. Með öðrum orðum hafi Alþingi ekki litið svo á að lög nr. 44/2009 væru sett á grundvelli stjórnskipulegs neyðarréttar. Verði hins vegar litið svo á að slíkur réttur fyrirfinnist þá telji sóknaraðilar að aðstæður þær sem uppi hafi verið í október 2008 séu engan veginn sambærilegar þeim aðstæðum sem réttlætt hafi beitingu neyðarréttar í íslenskri réttarsögu, þ.e. síðari heimsstyrjöld. Ekki verði heldur fallist á að aðstæðurnar hafi „ógnað lífi þjóðarinnar“ í skilningi gr. ABSR og 15. gr. mannréttindasáttmálans. Hafi neyðarástandi ekki verið lýst yfir opinberlega, sbr. 1. mgr. 4. gr. ABSR, og tilkynning hafi hvorki verið send Evrópuráðinu né Sameinuðu þjóðunum, sbr. 3. mgr. 4. gr. ABSR og 3. mgr. 15. gr. mannréttindasáttmálans. Þá sé ljóst að gildissvið stjórnskipulegs neyðarréttar sem heimildar til frávik frá stjórnarskránni sé takmarkað við ákvæði sem tengist valddreifingu og valdframsali, en heimili ekki frávik frá mannréttindum. Í öllum tilvikum sé því haldið fram að frávik frá stjórnarskrárvörðum réttindum í máli þessu geti ekki talist hafa verið bráðnauðsynleg, m.a. þar sem þau hafi falið í sér mismunun, sbr. 4. gr. ABSR. Ekki hafi verið sýnt fram á að aðrar vægari aðgerðir hafi ekki verið mögulegar.

Enn fremur sé á því byggt að forgangur innstæðna, ásamt öðrum aðgerðum ríkisins vegna bankahrunsins, þ.e. skipting bankanna og endurfjármögnun nýju bankanna, sé í heild í andstöðu við ákvæði stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu og EES-samninginn. Sérstaklega sé bent á að aðgerðir ríkisins hafi falið í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Þar sem viðbrögð ríkisins við

bankahruninu hafi verið ólögmat, sé litið á þau með heildstæðum hætti, þá verði ekki byggður á þeim neinn réttur. Þar með talið verði ekki fallist á að innstæður geti notið forgangsréttar, enda hafi sú lagabreyting verið hluti af hinum ólögmatu ráðstöfunum ríkisins.

Verði niðurstaða dómsins samt sem áður sú að einhver hluti kröfunnar geti notið forgangs sem innstæða þá byggi fyrsta varakrafa sóknaraðila á því að slík forgangskrafa geti að hámarki verið að fjárhæð 20.887 evrur, sem sé sú fjárhæð sem hafi getað notið tryggingar samkvæmt lögum nr. 98/1999. Gildi það um hvern innstæðueiganda en ekki fyrir hvern innstæðureikning. Verði fallist á fyrstu varakröfu sóknaraðila verði afleiðingin sú að engar aðrar kröfur varnaraðila Kent County Council geti notið forgangs sem innstæður.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður sóknaraðila sé vísað til þess, vegna annarrar varakröfu sóknaraðila, að túlka verði ákvæði um forgang innstæðna, svo og ákvæði laga nr. 98/1999, með þeim hætti að forgangsréttur nái ekki til vaxta sem fallið hafi á innstæður eftir 6. október 2008, en frá þeim degi hafi Landsbankanum verið ókleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt álitum Fjármálaeftirlitsins og á sama degi hafi greiðsluskylda Tryggingarsjóðs innstæðueigenda orðið virk. Verði fjárhæð innstæðunnar og að miðast við sama dag.

Sóknaraðilarnir kveðast mótmæla þeim kröfum og málatilbúnaði varnaraðilans Kent County Council er lúti annars vegar að vöxtum á kröfu hans fyrir tímabilið frá gjalddaga lánsins til 22. apríl 2009 og hins vegar að útlögðum kostnaði. Sé hvað það varði aðallega vísað til raka varnaraðilans Landsbanka Íslands hf., en slitastjórnin hafi hafnað þessum kröfum. Varðandi vextina sé þó sérstaklega hnykk á því að um dráttarvexti, sem sé einn hluti samningssambandsins, fari samkvæmt enskum lögum skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000. Sé það og í samræmi við þær reglur íslensks skiptaréttar um lagaskil að um málsmeðferðina fari samkvæmt íslenskum lögum en efnisréttindi kröfuhafa kunni að ráðast af erlendum lögum, t.d. hafi um það verið samið.

3.3. *Sóknaraðilarnir Skiki ehf., Blomstri ehf., Íslenska útflutningsmiðstöðin hf., Óttar Yngvason og Rakel Óttarsdóttir* kveða kröfur sínar í fyrsta lagi byggjast á því að ákvæði 6. gr. laga nr. 125/2008 frá 7. október 2008 og 6. gr. laga nr. 44/2009 frá 22. apríl 2009 feli í sér stórbrotna eignaupptöku fyrir sóknaraðilana og að þau séu andstæð ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar sem og 1. gr. í fyrsta viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og ákvæði EES-samningsins. Hin tilgreindu ákvæði laga nr. 125/2008 séu í öðru lagi andstæð jafnréttisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Viðurkenning svo stórra almennra kröfuhafa bankans sem forgangskröfuhafa hafi þær afleiðingar að forgangskröfurnar hirði allar fyrirsjáanlegar eignir búans og þurrki þar með út allar almennar kröfur. Sé í því

fólginn alvarleg mismunun milli kröfuhafa bankans. Sóknaraðilarnir vísi í þriðja lagi til þess að framangreind lög nr. 125/2008 og nr. 44/2009 feli í sér afturvirka lagasetningu, en með setningu þeirra hafi réttarstöðu almennra kröfuhafa bankans verið breytt eftir á þeim til stórtjóns. Slík lagasetning sé andstæð hinni almennt viðurkenndu óskráðu grundvallarreglu réttarríkisins um bann við afturvirkni laga. Þessi meginregla sé grundvöllur þess að réttaröryggi borgaranna geti talist nægilega tryggt. Í fjórða lagi sé á því byggt að meðalhófsregla hafi ekki verið virt með setningu laganna nr. 125/2008 og enn síður með setningu laganna nr. 44/2009. Sé það mat sóknaraðilanna að auðveldlega hefði verið hægt að leysa bankavandann sem upp hafi komið í byrjun október 2008 með því að beita mun vægari úrræðum heldur en gert hafi verið með lögum nr. 125/2008. Hafi ekki verið sýnt fram á að vægari ráðstafanir hefðu ekki dugað til að leysa vandann. Loks sé á því byggt að hin umdeilda krafa varnaraðilans Kent County Council geti ekki talist innstæða í skilningi 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, eins og henni hafi verið breytt með lögum nr. 125/2008 og síðan lögum nr. 44/2009. Sé niðurstaða slitastjórnar í þessu efni röng og í ósamræmi við kröfufylsingagögn. Þannig komi fram í staðfestingu útibús Landsbankans í London á innborgun fjárhæðarinnar að ekki sé um að ræða innstæðureikning í venjulegum skilningi heldur hafi „Broker“-fyrirtækið Martin Brokers plc. gert lánsamning fyrir hönd kröfueigandans við útibúið með sérstökum vaxtakjörum og eins árs lánstíma.

3.4. *Sóknaraðilinn Deutsche Bank Trust Company Americas* vísar til þess að ekki sé hægt að byggja forgangsröðun krafna varnaraðilans Kent County Council á þeim ákvæðum laga nr. 125/2008 og 44/2009 sem lúti að forgangi innstæðna þar sem þau brjóti í bága við stjórnarskrá og séu því ógild réttarheimild. Ákvæðin fari og í bága við mannréttindasáttmála Evrópu, meginreglur EES-réttar og almennar meginreglur alþjóðlegra og innlendra laga. Eigi kröfur varnaraðilans því að vera í sömu kröfuröð og kröfur sóknaraðila, það er almennar kröfur skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Sé hvað það varði í fyrsta lagi byggt á því að sá forgangur sem innstæðum hafi verið veittur með þessum lögum hafi verið ófyrirsjáanlegur og afturvirkur og brjóti gegn almennum reglum um réttmætar væntingar, afturvirkni og fyrirsjáanleika laga. Með setningu greindra lagaákvæða hafi verið gróflega brotið á réttindum allra ótryggðra kröfuhafa Landsbankans. Þannig komi sérstaklega fram í grein 3.1. í samningi milli Landsbankans og sóknaraðila, dags. 21. júlí 2006, er gildi um skuldabréfaútgáfu bankans, að kröfur samkvæmt skuldabréfunum skuli vera skilyrðislausar, ófrávíkjanlegar og ótryggðar skuldbindingar Landsbankans. Jafnframt sé sérstaklega tiltekið að kröfurnar séu jafnsettar innstæðum og öllu öðrum ótryggðum skuldbindingum. Í tilviki sóknaraðila hafi þetta verið skýr forsenda og samningsskuldbinding Landsbankans.

Sóknaraðilinn telji ljóst að þau ákvæði fyrrnefndra laga sem mæli fyrir um og breyti forgangsröðun krafna brjóti gegn ákv. 72. gr. stjórnarskrárinnar og ákv. 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Verði umræddar kröfur gerðar að forgangskröfum dragi það verulega úr líkum á því að sóknaraðili fái eitthvað greitt upp í kröfur sínar. Sé þessi ráðstöfun því gerð á kostnað sóknaraðila og annarra almennra kröfuhafa. Leiði hún til eignaskerðingar og ólöglegra takmarkana á eignarrétti sóknaraðila, án skaðabóta. Verði ekki séð að almenningsþörf eða

almannahagsmunir hafi staðið til setningar greindra lagaákvæða. Einnig sé ljóst að sú krafa um meðalhóf, sem felist í 72. gr. stjórnarskrárinnar, og komi fram í 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sé ekki uppfyllt. Löggjafinn hafi gengið mun lengra en nauðsynlegt geti talist með setningu umræddra laga. Þá sé það mat sóknaraðilans að slík óhófleg meðferð á kröfuhöfum sem hér um ræði brjóti gegn meginreglu um jafnræði og banni gegn mismunun sem kveðið sé á um í 65. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. mannréttindasáttmálans.

Verði umrædd lagasetning að einhverju leyti talin réttlæt看leg telji sóknaraðili allt að einu ljóst að umdeildar kröfur varnaraðila geti ekki talist til innstæðna í samræmi við ákvæði laganna. Telji sóknaraðili að hugtakið innstæða samkvæmt lögunum verði að skýra þannig að um sé að ræða innstæðu á sérgreindum reikningi í nafni viðkomandi. Hefðbundin innstæða sé bundin ákveðnum fyrir fram ákveðnum skilmálum en ekki samið um vexti og kjör hverju sinni. Á hinn bóginn séu helstu einkenni heildsöluláns varnaraðila ekki í samræmi við ofangreindan skilning, enda semji aðilar hverju sinni um skilmála lánsins, þ.e. fjárhæð, lánstíma og vexti. Séu lánin byggð á samningi milli Landsbankans og varnaraðilans Kent County Council og endurspegli kjörin væntanlega ráðandi markaðsaðstæður og fjármögnunarbörf Landsbankans á samningsdegi. Þetta séu lán sem bankinn hafi nýtt sér til fjármögnunar frá varnaraðilanum, sem sé fagfjárfestir, með milligöngu miðlara á peningamarkaði. Öll umræða við setningu umræddra laga beri með sér að fyrst og fremst hafi verið ætlunin að tryggja innstæður sparifjäreigenda, en ekki heildsölulán fjármálafyrirtækja eða fagfjárfesta.

Sóknaraðili bendir og á að varnaraðili hafi sönnunarbyrði fyrir því að kröfur varnaraðila hafi notið tryggingaverndar í samræmi við lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi. Þannig þurfi hann að sýna fram á að greitt hafi verið iðgjald í tryggingarsjóð innstæðueigenda vegna umræddra lána og að lán varnaraðila hafi myndað grunn bindisskyldu til Seðlabanka Íslands.

Verði talið að krafa varnaraðila geti að einhverju leyti notið forgangsréttar í kröfuröð telji sóknaraðili þó ljóst að sá forgangsréttur geti, hvað sem öðru líði, einungis numið fjárhæð er samsvari 20.887 evrum. Í hinum umdeildu lagaákvæðum um forgangsréttinn sé vísað til laganna nr. 98/1999 þar sem fram komi að eingöngu séu verndaðar innstæður upp að framangreindri fjárhæð.

3.5. *Sóknaraðilinn Landsbanki Guernsey Ltd.* kveður aðalkröfu sína byggða á því að slitastjórn varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., hafi verið óheimilt að veita kröfu varnaraðila, Kent County Council, stöðu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem svonefnd heildsöluinnlán falli ekki undir hugtakið innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Falli þau í sama flokk og svonefnd peningamarkaðsinnlán og hafi verið ein leið fjármálafyrirtækja til að fjármagna rekstur sinn. Heildsöluinnlán teljist því

ekki til hefðbundinna innlána sem lögum nr. 98/1999 sé ætlað að tryggja. Að sama skapi teljist varnaraðilinn Kent County Council ekki til hefðbundinna innstæðueigenda sem lögunum sé ætlað að vernda.

Sóknaraðilinn vísar og til þess að ákvæði neyðarlaganna um forgangsrétt innstæðueigenda brjóti gegn friðhelgi eignarréttarins samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Fyrir setningu laga nr. 125/2008 hafi sóknaraðilar og aðrir innstæðueigendur tilheyrt hópi almennra kröfuhafa. Með lögunum hafi innstæðueigendum hins vegar verið tryggður forgangsréttur við skipti á búi Landsbankans og þar með tryggð betri staða en sóknaraðilum. Hefðu lögin ekki verið sett og kröfur innstæðueigenda áfram notið rétt hæðar samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 megi ljóst vera að sóknaraðilar, sem og aðrir almennir kröfuhafar, hefðu fengið greitt að hluta upp í kröfur sínar. Samkvæmt nýjustu upplýsingum slitastjórnar varnaraðila, Landsbanka Íslands hf., sé staðan hins vegar sú að einungis verði greitt að hluta upp í forgangskröfur. Ekkert muni því greiðast upp í almennar kröfur. Samkvæmt framangreindu verði að telja að setning laga nr. 125/2008 hafi haft í för með sér að kröfuréttindi annarra almennra kröfuhafa, þ. á m. sóknaraðila, hafi verið gerð að litlu eða engu. Með því telji sóknaraðili sig hafa verið skyldaðan til að láta af hendi öll stjórnarskrárvarin eignarréttindi sín gagnvart varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf., til hagsbóta fyrir innstæðueigendur. Í athugasemdum við frumvarp það er orðið hafi að lögum nr. 125/2008 séu engar ástæður eða markmið að baki þessari eignasviptingu tilgreind, auk þess sem þar sé í engu kveðið á um greiðslu bóta til handa þeim sem kunnir að verða fyrir eignasviptingunni. Engar bætur hafi því verið greiddar til þeirra sem þurft hafi að þola eignasviptingu, þ.e.a.s. annarra almennra kröfuhafa en innstæðueigenda. Sóknaraðili telji og að umrædd eignaskerðing verði ekki réttlætt með vísan til almenningsþarfar eða annarra sjónarmiða auk þess sem lögin hafi gengið mun lengra en nauðsynlegt hafi verið.

Einnig sé á því byggt að umrætt ákvæði neyðarlaganna feli í sér mismunun milli almennra kröfuhafa og brjóti því í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. mannréttindasáttmálans. Staða þeirra hafi verið eins fram að gildistöku laganna og hafi því sambærileg tilvik verið meðhöndluð með ólíkum hætti. Við mat á því hvort staða aðila sé sambærileg sé eingöngu hægt að líta til þess hvort kröfur þeirra hafi notið sömu rétt hæðar fyrir breytinguna. Einungis í algjörum undantekningartilvikum sé heimilt að gera mun á milli manna, enda byggist mismununin á málefnalegum sjónarmiðum eða veigamiklu sjónarmiði sem réttlæti nauðsyn hans. Varnaraðilanum Kent County Council hafi ekki tekist að sýna fram á að slík réttlætningarsjónarmið hafi verið fyrir hendi. Alla vega sé ljóst að lagabreytingin hafi gengið mun lengra en nauðsynlegt hafi verið. Komist rétturinn að þeirri niðurstöðu að mismununin hafi verið réttlætanleg þá hljóti kostnaður vegna hennar að verða borinn af ríkinu en ekki almennum kröfuhöfum.

Sóknaraðilinn kveðst og vísa til þess að ákvæði neyðarlaganna og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 um flutning innstæðna frá Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., síðar NBI hf., brjóti gegn 4. og 40. gr. EES-samningsins, 2. mgr. 16. gr. tilskipunar EB nr. 2001/24/EB og óskráðri meginreglu EES-réttar um jafnræði aðila. Hafi þetta bæði falið í sér beina og óbeina mismunun og hafi engar hlutlægar og málefnalegar ástæður legið þar að baki. Þá hafi ekkert eðlilegt samræmi verið milli þess markmiðs sem mismununin virðist hafa stefnt að og þeirra aðferða sem notaðar hafi verið til að ná því markmiði. Einnig hafi þessar ráðstafanir takmarkað frjálst flæði fjármagns, sbr. meginreglu 40. gr. EES-samningsins.

Þá verði forgangsrétturinn ekki heldur réttlættur með vísan til stjórnskipulegs neyðarréttar enda sé það algerlega óskilgreint hugtak. Ekki sé að finna í stjórnarskránni neina heimild fyrir beitingu slíks neyðarréttar og hafi stjórnarskrárgjafinn aldrei séð ástæðu til að lögfesta slíkt ákvæði. Sé það raunar svo að stjórnarskrárgjafinn hafi séð ástæðu til að hafna lögfestingu slíks ákvæðis eins og sjá megi í nefndaráliti stjórnarskrárnefndar nr. 758 frá 118. löggjafarþingi, 297. mál. Forgangsrétturinn verði heldur ekki réttlættur með vísan til 15. gr. mannréttindasáttmálans um skerðingu réttinda á hættutímum, enda sé skýrlega kveðið á um það í 3. mgr. 15. gr. að samningsaðili sem neyti þess réttar til undansláttar skuli tilkynna um það til Evrópuráðsins með tilgreindum hætti og það hafi íslensk stjórnvöld ekki gert.

Á því sé og byggt að með setningu laganna nr. 125/2008 hafi meginreglur íslensks réttar og EES-réttar um réttmætar væntingar, fyrirsjáanleika og bann við afturvirkni laga verið virtar að vettugi. Þegar viðskipti sóknaraðila og Landsbanka Íslands hf. hafi átt sér stað hafi sóknaraðili gert ráð fyrir að litið væri á innstæðueigendur sem almenna kröfuhafa og að þeir nytu því rétt hæðar skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Með þeim grundvallarbreytingum á reglum um slitameðferð fjármálafyrirtækja sem hér um ræði hafi því verið brotið gegn lögmætum væntingum sóknaraðila hvað þetta varði. Þá sé ljóst að meginreglan um lögmætar væntingar setji löggjafanum takmörk, m.a. varðandi setningu afturvirkra laga.

Varðandi aðalkröfuna sé loks skírskotað til þess að hér á landi gildi óskráð en almenn meðalhófsregla við skýringu stjórnarskrárákvæða, einkum við úrlausn dómstóla um það álitaefni hvort lög samrýmist stjórnarskrá. Í því felist m.a. að takmarkanir á eignarréttindum verði að helgast af lögmætu markmiði, markmiðinu sem að sé stefnt megi ekki ná með öðru og vægara úrræði, auk þess sem gæta verði hófs í beitingu þess. Sönnunarbyrði um að skilyrðin hafi verið uppfyllt hvíli á þeim sem vilji byggja rétt á efni lagaákvæðis, í þessu tilviki varnaraðila Kent County Council, og telji sóknaraðili að slík sönnun hafi ekki tekist.

Varðandi varakröfu sóknaraðila sé á því byggt að forgangsréttur skv. 6. gr. neyðarlaganna nái einungis til kröfu varnaraðilans Kent County Council að hámarki 20.887 evrur fyrir hverja innstæðu sem kröfulýsingin taki til, enda ábyrgist Tryggingarsjóður innstæðueigenda að hámarki þá fjárhæð.

3.6. *Varnaraðilinn Kent County Council* kveðst byggja kröfur sínar í fyrsta lagi á því að innlán hans teljist innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar. Hugtakið innstæða sé skilgreint með skýrum hætti í 3. mgr. 9. gr. laganna og vísi ákvæði 6. gr. laga nr. 125/2008, svokallaðra neyðarlaga, til þeirrar skilgreiningar. Komi fram í skilgreiningunni þau skilyrði að um sé að ræða innlán eða millifærslu, að millifærslan heyri undir hefðbundna almenna bankastarfsemi og að viðskiptabanka eða sparisjóði beri samkvæmt skilmálum er gildi samkvæmt lögum eða samningum að endurgreiða innstæðueigandanum. Sé því hvorki þörf á því né tækt að miða við fullyrðingar sóknaraðila um málnotkun og/eða málskilning við túlkun á hugtakinu. Hugtaksskilyrði laganna séu skýr og innlán varnaraðila uppfylli þau öll.

Óumdeilt sé, og staðfest með gögnum, að varnaraðili hafi lagt umrædda fjármuni inn

hjá varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf. og að bankanum hafi borið að endurgreiða það fé ásamt vöxtum. Að því er varði millifærslu standi þá eftir skilyrðið um að hún heyri undir hefðbundna almenna bankastarfsemi. Móttaka innlána falli þar undir, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þar sem enginn greinarmunur sé þar gerður á smásölu- og heildsöluinnlánum sé ljóst að hugtakið nái yfir hvort tveggja. Varnaraðili hafi lagt fjármuni inn á reikning hjá Landsbankanum, sem þá hafi gefið út staðfestingu, undirritaða af einum starfsmanni bankans, um móttöku innstæðunnar. Sé þar berum orðum vísað til þess að um innstæðu sé að ræða, tilgreint sé þar m.a. númerið á reikningnum sem innstæðan hafi verið lögð inn á, fjárhæð innstæðunnar, vaxtaprósentu og dagurinn sem innstæðan skuli vera laus til útborgunar, líkt og venjan sé þegar um svokölluð bundin innlán (e. term deposit) sé að ræða. Þá hafi þessi staðfesting og innihaldið þá skilmála er gilt hafi um innstæðuna, enda ekki þörf á flóknari gögnum fyrir jafn einfaldan gerning. Þetta sé í raun kvittun og sé hún að mestu leyti sambærileg við staðfestingar sem gefnar hafi verið út til smásöluviðskiptavina. Báðir aðilar hafi litið svo á að um innstæðu væri að ræða og beri öll samskipti þess ótvíræð merki. Þannig hafi innstæðan verið skráð sem slík í bókum bankans og hafi hann jafnframt greitt af henni tilskilin iðgjöld til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Hafi hann í raun viðurkennt að um innlánsviðskipti væri að ræða enda hafi slitastjórnin fallist á að innstæðan hefði forgang.

Varnaraðili vísar til þess að sú niðurstaða að innstæða hans falli undir skilgreiningu

laga um innstæðutryggingar sé einnig í samræmi við þann tilgang sömu laga að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EB í íslenskan rétt. Verði því að túlka íslensku lögin með hliðsjón af tilskipuninni. Ráða megi af gögnum frá framkvæmdastjórn sambandsins að skilgreining á hugtakinu innstæða í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar hafi verið höfð víðtæk af ráðnum hug og til að stuðla að því að unnt væri að koma á samræmingu í aðildarríkjunum varðandi lágmarksvernd innstæðna. Til þess að veða á móti hinni víðtæku skilgreiningu séu hins vegar fyrir hendi bæði skyldubundnar og valkvæðar undantekningar. Með því sé ekki verið að þrengja hugtakið innstæða heldur snúist þetta um það hvaða flokkar innstæðna og innstæðueigenda eigi að njóta tryggingarverndar. Þannig séu verðbréf ekki talin til innstæðna skv. 1. gr. tilskipunarinnar. Í öðru lagi séu eigin sjóðir fjármálafyrirtækis og innstæður í eigu annarra fjármálafyrirtækja undanþegnar tryggingarvernd skv. 2. gr. tilskipunarinnar. Loks heimili 2. mgr. 7. gr. aðildarríkjunum að undanskilja ákveðnar tegundir innstæðna eða ákveðna hópa innstæðueigenda frá tryggingarvernd. Sé aðildarríkjunum þannig heimilt að undanskilja innstæður aðila, eins og raunin sé með varnaraðila, sem séu það stórir að þeim sé óheimilt að gefa út stytta ársreikning. Þannig sé augljóst að slíkar innstæður falli innan hugtaksins innstæða í skilningi tilskipunarinnar, að öðrum kosti þyrfti ekki að undanskilja þær sérstaklega. Ísland hafi ekki undanskilið slíkar innstæður eins og sóknaraðilar hafi raunar sjálfir viðurkennt. Þá sé og bent á að hafi ætlunin verið sú að undanskilja stórar innstæður eða innlán eins og heildsöluinnlán varnaraðila hefðu þær verið skilgreindar og taldar upp í fyrsta viðauka við tilskipunina þar sem undanþáguheimildirnar séu taldar upp. Það hafi ekki verið gert og hljóti þessar innstæður því að njóta tryggingarverndar samkvæmt tilskipuninni.

Varnaraðili kveðst mótmæla þeim röksemdum sem sóknaraðilar vísi til í greinargerðum sínum því til stuðnings að heildsöluinnlán teljist ekki innstæður og falli utan gildissviðs ákvæða um veitingu forgangsréttar til innstæðna. Þannig hafi það enga lagalega stoð að skilgreina innstæðu út frá svokölluðu varðveisluhlutverki. Megi ljóst vera að öll innlán banka séu hluti af fjármögnun hans, enda liggi fyrir að 30-40% af fjármögnun íslensku bankanna á árinu 2008 hafi verið innlán. Varðandi þá fullyrðingu sóknaraðila að umræddir fjármunir hafi ekki verið geymdir á sérstökum bankareikningi í nafni innstæðueigandans og geti því ekki talist innstæða bendir varnaraðili í fyrsta lagi á að fyrirbyggjandi gögn sýni að innstæða hans hafi verið lögð inn á reikning hjá varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf. með sérstöku reikningsnúmeri, 20000174. Þar fyrir utan sé enginn áskilnaður þar um í lögnum um innstæðutryggingar og hvergi sé heldur kveðið á um að reikningur skuli vera „í nafni“ viðkomandi innstæðueiganda. Raunar geri tilskipunin um innstæðutryggingar beinlínis ráð fyrir nafnlausum innlánnum, sbr. 10. tl. fyrsta viðauka, og skuli aðildarríki undanskilja þau sérstaklega sé ætlunin að þau njóti ekki tryggingar. Sé óumdeilt að Ísland hafi ekki nýtt slíka undanþágu. Varðandi þá staðhæfingu sóknaraðila að fjármunirnir hafi ekki verið aðgengilegir, og/eða að ómögulegt hafi verið að taka fjárhæðina út þegar þess hafi verið óskað, sé það að segja að undir innstæðuhugtakið falli ólíkar tegundir reikninga sem þjóni mismunandi hlutverki eftir þörfum innstæðueigandans hverju sinni. Leiki enginn vafi á því að bundnar innstæður teljist til tryggðra innstæðna sem njóti forgangs við slit fjármálafyrirtækja. Sóknaraðilar hafi einnig vísað til þess að sú staðreynd að innlán varnaraðila hafi átt að endurgreiðast sjálfkrafa til hans þann dag er hún væri

laus til útborgunar og að um hana hafi ekki gilt staðlaðir skilmálar, samdir af bankanum, styðji þá niðurstöðu að ekki hafi verið um innstæðu að ræða sem njóti tryggingaverndar. Hvorug þessara röksemda styðjist hins vegar við ákvæði laga eða annarra réttarheimilda. Sé það meira að segja svo að í 3. mgr. 9. gr. laganna um fjármálafyrirtæki sé kveðið á um að með innstæðu sé átt við innstæðu sem tilkomin sé vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og sem viðskiptabanka eða sparisjóði beri að endurgreiða „samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum“. Hins vegar hafi aldrei verið um einhverjar samningarviðræður milli aðila að ræða heldur hafi varnaraðili metið, á grundvelli auglýstra kjara og eftir atvikum með aðstoð milligönguaðila, hjá hvaða fjármálafyrirtæki hann myndi leggja inn fé sitt til ávöxtunar. Þá sé ljóst að engu breyti um eðli innstæðu í þessu tilliti hversu há árleg velta innstæðueigandans sé né hvort innstæðueigandi sé með eigin sjóðstjórn eða ekki. Loks sé mótmælt þeim rökum sóknaraðila að innlán varnaraðila sé í raun verðbréf í skilningi laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Verðbréf séu framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf eða breytanleg verðbréf. Í skilyrðinu um framseljanleika felist nánar tiltekið að réttindi þau sem felist í eignarhaldi viðkomandi skilríkja geti færst yfir á annan aðila. Slíku sé ekki til að dreifa um þá kvittun fyrir millifærslu og móttöku fjármuna sem um ræði í tilviki varnaraðila. Slík skjöl séu ekki framseljanlegir gerningar í eðli sínu og geti því ekki gengið kaupum og sölum á fjármagnsmarkaði.

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðila að lögin um innstæðutryggingar

varði einungis innstæður upp að lögvörðu marki, eða allt að fjárhæðinni 20.887 evrum, og því hafi markmið neyðarlaganna verið að veita einungis þeirri fjárhæð forgang. Eins og skýrlega komi fram í 1. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar, þar sem segi að Tryggingarsjóði sé skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu í innstæðudeild, þá sé þessi skylda sjóðsins ekki bundin við fjárhæðina 20.887 evrur, heldur skuli andvirði innstæðna tryggt að fullu. Þá komi fram í 1. mgr. 10. gr. laganna að það sé „heildarfjárhæð“ innstæðu sem sé tryggð samkvæmt lögnum, óháð því hvað komi til útgreiðslu samkvæmt fjárhagsstöðu Tryggingarsjóðs innstæðueiganda.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að innlán varnaraðila sé ekki innstæða í skilningi 3. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar sé á því byggt að í öllu falli hafi verið um að ræða millifærslu í skilningi ákvæðisins. Óumdeilt sé og staðfest með gögnum að umræddir fjármunir hafi verið lagðir inn hjá varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf. hinn 10. janúar 2007. Innstæðan hljóti því að njóta forgangs við slit bankans.

Varnaraðili kveðst og mótmæla þeim málsástæðum sóknaraðila er byggi á því að 6. gr. neyðarlaganna nr. 125/2008 brjóti í bága við 72. og 65. gr. stjórnarskrárinnar og samsvarandi ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu, auk meginreglna EES-samningsins. Hins vegar sé á það bent að óeðlilegt sé að fjalla um gildi neyðarlaganna í ágreiningsmáli skv. 171. gr. gjaldþrotaskiptalaga þar sem íslenska ríkið eigi ekki aðild. Þá sé og ljóst að enga þýðingu hafi varðandi niðurstöðu í þessu máli að fjalla um gildi annarra ráðstafana sem íslenska ríkið hafi gripið til vegna efnahagskreppunnar í heild sinni en þeirra er lúti að forgangi innstæðna.

Neyðarlögin hvorki kveði á um að þau eigi að virka með afturvirkum hætti né geri þau það í raun, enda fjalli þau eingöngu um forgangsrétt fyrir kröfur í gjaldþrotaskiptum eða slitameðferð sem eigi sér stað eftir setningu þeirra. Lögin gætu aðeins talist afturvirk fælu þau í sér reglur um hvernig ætti að skipta eignum í gjaldþrotaskiptum sem hefðu átt sér stað fyrir lögfestingu þeirra. Um slíkt sé ekki að ræða í máli þessu því slitameðferð Landsbankans hafi hafist þegar slitastjórn hans hafi verið skipuð hinn 29. apríl 2009, en gildistaka neyðarlaganna hafi átt sér stað hinn 7. október 2008. Sé því ljóst að engu skipti í þessu tilliti sú staðhæfing hluta sóknaraðila að þegar hefði verið stofnað til kröfuréttinda þeirra þegar neyðarlögin voru sett auk þess sem ekkert liggi fyrir um að sú staðhæfing sé rétt. Einnig liggi fyrir að ákvæði neyðarlaganna um forgang innstæðna hafi almennt gildi til frambúðar og miðist því ekki við einstök tilvik. Hafi lögin verið sett með það í huga að Fjármálaeftirlitið gæti beitt þeim ef það teldi þörf á því í framtíðinni.

Að því gefnu að lýstar kröfur sóknaraðila hafi verið staðfestar í samræmi við lög geti

varnaraðili fallist á að sóknaraðilar kunni að hafa notið eignarréttinda sem þeim sé heimilt að byggja á í samræmi við þá skilmála sem um viðskiptin hafi gilt. Þessi réttur hafi hins vegar orðið að rétti til að lýsa kröfu í slitabú varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. við greiðsluþrot hans. Sóknaraðilar hafi hins vegar aldrei átt kröfu til að öðlast greiðslu á ákveðinni fjárhæð ef til greiðsluþrots kæmi. Þeir hafi einungis getað haft réttmætar væntingar til þess að kröfur þeirra yrðu meðhöndlaðar í samræmi við lög eins og þau væru á þeim tíma sem slitameðferð bankans hæfist. Með neyðarlögunum hafi engar breytingar verið gerðar á stöðu krafna sóknaraðila sem almennta krafna við slitameðferð heldur hafi þau einungis breytt stöðu krafna innstæðueigenda í réttindaröð. Sóknaraðilar hafi ekki verið sviptir eignarrétti sínum yfir kröfum sínum né hafi réttindi þeirra breyst. Þá hafi sóknaraðilar ekki sannað að verðmæti réttar þeirra til að lýsa kröfu við slitameðferðina hafi skaðast við setningu neyðarlaganna. Hafi slík verðmætaryrnun orðið sé hún í engu frábrugðin verðryrnun sem hljótist af hækkun skatta eða annarra aðgerða stjórnvalda, sem kunni að leiða til aukinna réttinda fyrir tiltekna aðila eða hópa. Sé í þessu sambandi og bent á að ekki liggi ljóst fyrir hvort sóknaraðilar hafi allir keypt kröfur sínar fyrir hrun eða eftir og þá hvort þeir hafi orðið fyrir einhverju tapi.

Sú staðhæfing sóknaraðila að ákvæði neyðarlaganna um að gera innstæður að forgangskröfum feli í raun í sér eignarnám sé augljóslega á misskilningi byggð því þessi lagaákvæði uppfylli ekki þau skilyrði sem dómstólar hafi hingað til talið einkenna eignarnám. Skipti þar mestu að lögin taki hvorki til tilgreindra eigna né stofni þau til eignarheimilda öðrum til handa heldur veiti kröfum af sama tagi, innstæðukröfum, betri rétt en þær höfðu áður. Komist dómstóllinn hins vegar að þeirri ólíklegu niðurstöðu að um eignarnám hafi verið að ræða þá myndi slíkt ekki leiða til ógildingar neyðarlaganna heldur einungis veita sóknaraðilum mögulegan rétt til bóta úr hendi íslenska ríkisins.

Mótmælt sé þeirri staðhæfingu sem fram hafi komið af hálfu sóknaraðila að ekkert lögmætt markmið hafi verið fyrir hendi með setningu ákvæðisins í 6. gr. neyðarlaganna. Til grundvallar hafi legið almennar, efnislega ástæður um að bjarga íslensku fjármála- og greiðslukerfi í neyðarástandi. Gefi lögskýringargögn skýrlega til kynna að tilgangurinn með lagabreytingunni hafi verið að byggja upp traust, tryggja almannaoöryggi og bjarga verðmætum. Hafi þessar aðgerðir stuðlað að því að forða íslenska ríkinu frá greiðsluþroti. Tvímælalaust sé að veiting forgangsréttar til innstæðueigenda hafi verið nauðsynlegur og ómissandi þáttur í aðgerðum ríkisins sem miðuðu að því að tryggja stöðugleika og koma í veg fyrir eða stöðva áhlaup á bankana og greiðsluþrot þeirra. Í þessu tilliti hafi innstæðueigendur verið í allt annarri stöðu en lánveitendur. Þannig séu lánveitendur í þeirri stöðu að þeir geti við gerð lánasamnings tryggt sig fyrir mögulegu greiðsluþroti, þ. á m. því að taka veð. Innstæðueigendur líti hins vegar á innstæður sínar sem eignir sínar og valdi það því varanlegum skaða fyrir grundvöll bankastarfsemi ef fólk og fyrirtæki treysti ekki bönkum fyrir sparifé sínu. Hafi því verið nauðsynlegt að sparifjareigendur gætu treyst því að innstæður þeirra væru eins tryggar og unnt væri. Hafi erlendir innstæðueigendur skipt þar allt að því eins miklu máli og innlendir, og jafnvel meira máli hvað varði lausafjárstöðu bankanna.

Sú staðhæfing sóknaraðila standist ekki að fyrir hendi hafi verið önnur og vægari úrræði en þau að veita innstæðum forgang sem hefðu verið til þess fallin að koma í veg fyrir fall allra bankanna og tryggja hagsmuni ríkisins. Hvað þetta varði bendi varnaraðilar í fyrsta lagi á að dómstóllinn hafi ekki heimild til að kveða á um þetta á þessum tímapunkti og að í öllu falli hafi ekkert þeirra úrræða sem sóknaraðilar hafi bent á í greinargerðum sínum verið augljóslega áhrifarík leið til þess að ná þeim markmiðum sem íslenska ríkið hafi stefnt að á þeim tíma. Þá standist ekki sú málsástæða sóknaraðila að umrædd breyting á forgangsröðun krafna hafi brotið gegn réttmætum væntingum þeirra. Megi í því sambandi nefna að lög og reglur varðandi gjaldþrotaskipti og fjármálafyrirtæki séu í sífelldri endurskoðun og að strax á árinu 2006 hafi stjórnvöld varað við því að í vændum væri endurskoðun á regluverki um fjármálafyrirtæki og innstæður. Þá sé ljóst að réttindaröð við skipti á þrotabúum hafi áður verið breytt og hafi engum dottið í hug að sú breyting fæli í sér skerðingu á eignarréttindum eða brot gegn réttmætum væntingum, þrátt fyrir að breytingin hafi án efa haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á marga kröfuhafa. Hafi þó ávallt verið við það miðað að breytingarnar tækju til viðskipta sem gerð hefðu verið fyrir gildistöku laganna.

Varðandi þá málsástæðu sóknaraðila að veiting forgangsréttar innstæðna brjóti gegn jafnræðisákvæðum 65. gr. stjórnarskrárinnar, 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 26. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi bendi varnaraðili á að sambærileg sjónarmið gildi við greiningu mála samkvæmt öllum þessum þremur ákvæðum. Framangreind staðhæfing sóknaraðila sé á því byggð að einn hópur almennra kröfuhafa, innstæðueigendur, hafi verið færðir í stöðu forgangskröfuhafa á kostnað annarra almennra kröfuhafa. Þetta standist hins vegar engan veginn því algjört grundvallarskilyrði fyrir beitingu jafnræðisreglunnar sé að tilvik sem borin séu saman séu í raun sambærileg. Því fari fjarri að allar almennar kröfur séu sambærilegar. Þannig sé ljóst að kröfur sóknaraðila og innstæðukrafa varnaraðila séu byggðar á ólíkum grundvelli. Grundvallarmunur sé þannig á möguleikum lánardrottna eins og sóknaraðila annars vegar og innstæðueigenda hins vegar til að tryggja hagsmuni sína við samningsgerð, meðal annars hvað varði tryggingar fyrir endurgreiðslum. Innstæðueigendur verði því að leggja allt traust sitt á gjaldfærni bankans. Þessi aðstöðumunur endurspeglar m.a. í ábyrgð íslenska ríkisins á innstæðuskuldbindingum Tryggingarsjóðs. Þessi sérstaða úrskýri einnig þær ráðstafanir sem nauðsynlegt hafi verið að grípa til með neyðarlögunum. Almenn traust innstæðueigenda til starfsemi þeirra banka sem þeir hafi treyst fyrir sparifé sínu sé algjört grundvallarskilyrði fyrir stöðugleika bankakerfisins og fjármálakerfisins í heild.

Hafnað sé þeirri málsástæðu sóknaraðila að forgangsréttur innstæðna brjóti í bága við ákv. 4. gr. og 40. gr. EES-samningsins um bann við mismunun. Einungis 40. gr. samningsins eigi hér við en það sé sérákvæði um bann við mismunun þegar um ræði flutning fjármagns í eigu þeirra sem búsettir séu í aðildarríkjum EES-samningsins. Hið almenna ákvæði 4. gr. um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs geti einungis átt við ef sértæk ákvæði samningsins gildi ekki. Samkvæmt 6. og 9. gr. neyðarlaganna sé öllum innstæðum samkvæmt lögum um innstæðutryggingar veittur forgangur. Enginn greinarmunur sé þar gerður á þjóðerni, búsetu eða því hvar féð sé notað til fjárfestingar, enda hafi sóknaraðilar ekki bent á neina slíka mismunun. Þá sé fjarri lagi að umræddur forgangsréttur bitni meira á innlendum aðilum en erlendum. Þannig sé ljóst að innstæður erlendra aðila hafi numið mun hærri fjárhæðum en innstæður innlendra aðila. Komist dómurinn hins vegar að þeirri ólíklegu niðurstöðu að í forganginum felist mismunun verði hún í öllu falli réttlætt þar sem markmiðið með honum hafi verið lögmætt og aðferðirnar við að ná markmiðinu hafi verið viðeigandi og nauðsynlegar og einnig gengið eins skammt og unnt hafi verið. Sé í þessu sambandi vísað til undantekningarákvæðis 4. mgr. 43. gr. EES-samningsins.

Varðandi tilvísun sóknaraðila til 12. og 16. liðar í formála tilskipunar nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana þá sé eftir sem áður ljóst að í h-lið 10. gr. tilskipunarinnar sé kveðið á um að lög heimaríkis skuli m.a. ákvarða „forgangsröðun fjárfrafna“. Sé það og svo að bæði í íslenskum rétti og í löggjöf flestra annarra ríkja Vestur-Evrópu sé kveðið á um forgangsröðun fjárfrafna

við slitameðferð þrátt fyrir meginregluna um jafnræði kröfuhafa. Ákvæðin um forgang innstæðna hafi almennt gildi og eigi einmitt við um alla í sömu stöðu. Hafi þeim og, með gildistöku laga nr. 44/2009, verið veitt gildi til frambúðar. Í þessu sambandi skuli og bent á að EES-samningurinn hafi einungis stöðu almennra laga hér á landi og sé ekki heimilt að víkja til hliðar ákvæðum í nýrri sérköngum á þeim grundvelli að þau fari í bága við samninginn. Væri um slíkt að ræða takmarkist úrræði sóknaraðila við skaðabætur frá íslenska ríkinu.

Varnaraðilinn kveðst og mótmæla málsástæðum sóknaraðila er lúti að því að þær ráðstafanir íslenska ríkisins vegna bankahrunsins sem þeir nefni „aðgerðarpakka“ feli í sér ólöglega ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Vísi varnaraðili hvað það varði meðal annars til þess að ekki verði skorið úr um slíkt meint brot íslenska ríkisins í ágreiningsmáli skv. 171. gr. gjaldþrotaskiptalaga og að vandséð sé hvernig meint ríkisaðstoð geti verið til þess fallin að ógilda aðgerðir ríkisins eins og haldið sé fram af hálfu sóknaraðila.

Varðandi vexti liggi fyrir að slitastjórn hafi samþykkt samningsvexti á kröfur vegna heildsöluinnlána fram að gjalddaga þeirra, eða fram að 22. apríl 2009 ef gjalddagi hafi verið eftir þann tíma. Innstæða varnaraðila hafi verið á gjalddaga hinn 22. apríl 2009 og hafi krafa varnaraðilans um samningsvexti fram að 21. apríl 2009 að fjárhæð 300.000 sterlingspund verið samþykkt sem forgangskrafa. Slitastjórnin hafi hins vegar hafnað þeirri kröfu varnaraðilans að hann fengi viðurkennda íslenska dráttarvexti skv. lögum nr. 38/2001 á þessu millibilstímabili til upphafs dags slitameðferðarinnar, í þessu tilviki vegna dráttarvaxta hinn 22. apríl 2009.

Óumdeilt sé að íslensk lög mæli fyrir um að vexti skuli greiða til og með 22. apríl 2009 vegna krafna á hendur varnaraðilanum Landsbanka Íslands hf., en slitastjórn bankans hafi hins vegar hafnað kröfu varnaraðila um íslenska dráttarvexti skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á þessu tímabili á þeim grundvelli að ensk lög skuli gilda um kröfuna að efni til. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 38/2001 skuli vextir skv. 1. mgr. 6. gr. laganna gilda þegar um sé að ræða vanefnd á samningi, líkt og við eigi í þessu máli, nema samningsaðilar hafi samið um aðra vexti er gilda skuli í slíkum tilvikum, fyrir hendi sé venja sem bendi til þess að aðrir vextir skuli fremur gilda í slíkum tilvikum eða annað leiði af lögum. Engum samningi, lögum eða venju sé til að dreifa hvað þetta varði og sé því ljóst að miða verði við vexti skv. 1. mgr. 6. gr. laganna og þá að þeir skuli reiknast frá gjalddaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. Hljóti þá að verða að miða við þá dráttarvexti sem Seðlabanki Íslands birti hverju sinni, enda sé ekki í lögum kveðið sérstaklega á um dráttarvexti á erlenda mynt. Verði ekki á þetta fallist liggi fyrir að samkvæmt enskum lögum geti dómstóll ákvarðað vexti á kröfu sé hún greidd of seint, sbr. gr. 35A í Supreme Courts Act 1981. Að auki kveði gr. 17 (1) í Judgements Act 1838 á um að krafa sem dómur sé fallinn um skuli bera vexti þar til dómnum sé fullnægt og krafan efnd, en í dag séu slíkir vextir 8%.

Vakin sé athygli á því að slitastjórn Landsbankans hafi samþykkt samningsvexti á allar kröfur breska tryggingarsjóðsins og hollenska Seðlabankans vegna innstæðna til og með 22. apríl 2009, óháð gjalddögum bundinna innstæða, eða þegar um óbundnar innstæður sé að ræða, hvort sem krafa hafi komið fram um greiðslu eða ekki. Verði ekki fallist á kröfu varnaraðila um vexti hinn 22. apríl 2009 feli það í sér mismunun milli kröfuhafa.

Varðandi kröfuna um áfallinn kostnað byggir varnaraðili á því að samþykkja beri kröfu um kostnað sem fallið hafi á fyrir 22. apríl 2009 sem forgangskröfu skv. 112. gr. laganna nr. 21/1991 og sé dómaframkvæmd skýr hvað þetta varði. Ljóst sé að ákvörðun um viðurkenningu og eftir atvikum upphæð kostnaðar kröfuhafa í íslenskum gjaldþrotaskiptum byggist á íslenskum lögum jafnvel þótt talið sé að um samningssamband aðila gildi ensk lög.

Mörg dómafordæmi Hæstaréttar liggi fyrir um að vextir og kostnaður vegna forgangskröfu njóti sömu stöðu í kröfuröð sem krafan sjálf, enda sé sú niðurstaða skýr sé beitt gagnályktun frá ákvæði 1. tl. 114. gr. laga nr. 91/1991. Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að krafa varnaraðila sé ekki forgangskrafa sé á því byggt að hún sé almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 með vísan til sömu málsástæðna og byggt sé á varðandi aðalkröfuna eins og við eigi.

3.7. *Varnaraðilinn Landsbanki Íslands hf.* byggir kröfur sínar einkum á því að krafa varnaraðilans Kent County Council, sem sé svokallað heildsöluinnlán, teljist vera innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta og teljist því forgangskrafa skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Varðandi forsendur fyrir framangreindri niðurstöðu sé vísað til þess að hvorki við lögleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi, sem átt hafi sér stað með lögum nr. 39/1996, né með lögum nr. 98/1999, hafi verið nýtt heimild tilskipunarinnar til að undanskilja innlán ýmissa aðila tryggingarvernd, s.s. fjármálastofnana, annarra en aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, bæjar- og sveitarfélaga, sem og lífeyris- og eftirlaunasjóða, en slíkir aðilar séu meginþorri innlánskröfuhafa hjá Landsbanka Íslands hf. Þá séu ákveðin innlánaform eins og t.d. heildsöluinnlánsviðskipti ekki heldur undanþegin tryggingarvernd, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna nr. 98/1999. Hafi þetta þýðingu, m.a. með tilliti til dóms Hæstaréttar í máli nr. 184/2010 þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að kröfur sem nytu ekki tryggingarverndar skv. lögum nr. 98/1999 gætu þegar af þeirri ástæðu ekki notið rétt hæðar skv. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Við mat á því hvort hin umdeilda krafa teljist innstæða í framangreindum skilningi verði og að líta til þess að höfuðstóll innlánsins hafi samkvæmt samningi aðilanna verið lagður inn á reikning bankans í formi millifærslu með viðskiptum sem telja

megi til hefðbundinnar almennrar starfsemi bankans. Þá liggi ljóst fyrir að heildsöluviðskipti hafi verið færð í bókhaldi og ársreikningi bankans sem innlán og að í samræmi við það hafi bankinn greitt iðgjöld af heildsöluinnlánsviðskiptum til innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í samræmi við lög nr. 98/1999. Loks sé á það bent að þau skjöl sem liggi til grundvallar viðskiptunum beri á ýmsan hátt með sér að um innlán hafi verið að ræða. Sé það mat varnaraðilans að það hafi verið tilgangur og skilningur beggja aðila sem að viðskiptunum hafi komið að um innlánskuldbindingu væri að ræða.

Varðandi þá afstöðu slitastjórnar að samþykkja kröfu varnaraðilans Kent County Council um samningsvexti á samningstímabilinu að fjárhæð 300.000 sterlingspund vísar varnaraðilinn til þess að innlánskrafa hans teljist einkaréttarleg samningsskuldbinding í skilningi laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.

Mótmælt sé aðalkröfu Kent County Council um íslenska dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 hinn 22. apríl 2009. Þar sem það sé mat slitastjórnar Landsbankans að heildsöluinnlánskuldbindingar sem stofnað hafi verið til í útibúi bankans í London hafi haft sterkustu tengslin við England í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 beri að beita enskum lögum að efni til um kröfuna þrátt fyrir að um réttshæð og meðferð krafna fari eftir íslenskum lögum. Gildi því íslensk lög um kröfulýsingar til slitastjórnarinnar sem og um stöðu kröfunnar í réttindaröð en um tilvist kröfunnar gildi hins vegar bresk lög skv. 8. og 9. gr. tilvitnaðra laga. Samkvæmt íslenskum rétti teljist réttur til vaxta og kostnaðar hluti af samningsbundinni kröfu og gildi því bresk lög einnig um rétt varnaraðilans Kent County Council til að heimta vexti og kostnað á kröfu sína.

Þá sé varakröfu varnaraðilans um 8% vanskilavexti í samræmi við grein 4.93 í breskum gjaldþrotareglum frá 1986, sbr. 17. kafla enskra réttarfarslaga, og mótmælt þar sem hvorki hafi verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því að reglur þessar eigi við um erlent útibúi í Bretlandi og þar af leiðandi íslenska slitameðferð, sbr. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991, né hafi tilvist þessara reglna verið leidd í ljós, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Á því sé einnig byggt að ekki hafi gengið dómur í Englandi um kröfu Kent County Council á hendur Landsbanka Íslands hf. um 8% vexti skv. 17. kafla enskra réttarfarslaga (e. English Judgements Act 1838) eins og áskilið sé í greindu ákvæði og geti kröfuhafi því ekki byggt rétt á lögunum til stuðnings vaxtakröfunni. Ekki sé í því efni hægt að jafna afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfunnar til dóms ensks dómstóls um kröfuna, auk þess sem slitastjórnin hafi tekið afstöðu til kröfunnar eftir 22. apríl 2009. Þá sé og bent á að vextir samkvæmt ákvæðinu eigi almennt ekki við fyrr en dómur um kröfuna hafi gengið. Jafnvel þótt kröfuhafi hefði þannig getað fengið dóm um framangreint efni, þ.e. ef Landsbankinn hefði ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar hinn 5. desember 2008, megi ljóst vera að slíkur dómur hefði ekki legið fyrir fyrr en eftir viðmiðunardag slitameðferðar bankans hinn 22. apríl 2009 og krafa á grundvelli slíks dóms því talist eftirstæð í skilningi 114. gr. laga nr. 21/1991.

Varðandi þrautavarakröfu Kent County Council um samningsvexti en að öðrum kosti vexti að álitum taki varnaraðili fram að þeim sé mótmælt vegna vanreifunar.

Mótmælt sé kröfu Kent County Council um kostnað fyrir 22. apríl 2009 að fjárhæð 1.071,34 sterlingspund. Ekki verði séð af fyrirbyggjandi gögnum að varnaraðilinn hafi hafið innheimtu kröfu sinnar á hendur Landsbankanum fyrir 22. apríl 2009 né að umkrafinn kostnaður tengist innheimtu kröfunnar eða málshöfðun vegna hennar fyrir þann tíma. Að því leyti sem kostnaður tengist ekki beinni innheimtu kröfu, undirbúningi málshöfðunar eða málshöfðun á hendur Landsbanka Íslands hf. hér á landi fari að mati slitastjórnar, með hliðsjón af lögum nr. 43/2000, um rétt kröfuhafans til að fá umkrafinn kostnað greiddan eftir þeim lögum sem gildi um aðalkröfuna að efni til, sem séu bresk lög. Samkvæmt meginreglu breskra gjaldþrotareglna frá 1986 þurfi kröfuhafar sjálfir að bera kostnað af því að sanna kröfur sínar, þ.á m. kostnað við að afla sönnunarganga til stuðnings kröfunni. Þar sem hvorki sé tilgreint í kröfulýsingu né í greinargerð kröfuhafans hvernig sá kostnaður sé til kominn sem gerð sé krafa um að fá viðurkenndan beri því að hafna kröfu þessari. Í íslenskum gjaldþrotarétti hafi verið fallist á að hæfilegur innheimtukostnaður, og/eða dæmdur málskostnaður sem fallið hafi til fyrir úrskurðardag, bætist við aðalkröfu og að slík afleidd krafa njóti sömu réttthæðar og aðalkrafan. Sé um ódæmda kröfu að ræða sé því aðeins grundvöllur fyrir að viðurkenna innheimtukostnað hafi innheimtuaðgerðir sannanlega hafist fyrir úrskurðardag og kröfuhafi krafist innheimtukostnaðar fyrir það tímamark. Kröfugerð varnaraðila um kostnað fram til 22. apríl 2009 styðjist því hvorki við bresk né íslensk lög.

4.0. Niðurstaða

4.1. Af hálfu sóknaraðilanna Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. er þess krafist að a-lið aðalkröfu Kent County Council verði vísað frá dómi. Af hálfu varnaraðilans Kent County Council er frávísunarkröfu mótmælt. Dómurinn taldi ekki efni til að láta fara fram munnlegan málflutning um þennan ágreining sérstaklega heldur var aðilum gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín um kröfuna þegar málið var tekið til efnislegrar meðferðar.

Sóknaraðilarnir Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. byggja frávísunarkröfu sína á því að ljóst sé af málatilbúnaði varnaraðilans Kent County Council að hann mótmæli ekki afstöðu slitastjórnar varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. um að hluti kröfu hans teljist forgangskrafa heldur þvert á móti samsinni henni. Þá byggji hann og á sömu málsástæðum og lagarökum og slitastjórnin geri. Vegna þessa geti varnaraðilinn því ekki látið til sín taka ágreining málsins að þessu leyti. Varnaraðilinn Kent County Council vísar í þessu sambandi til þess að krafan um frávísun sé of seint fram komin auk þess sem kröfuhafi í þrotabúi eigi ætíð rétt til aðildar að ágreiningi um eigin kröfu.

Af málatilbúnaði sóknaraðilanna Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. má ráða að krafa þeirra um frávísun byggi á niðurstöðu Hæstaréttar í máli 638/2010, sem kveðinn var upp 24. janúar 2011, og verður því ekki fallist á að krafa þessi sé of seint fram komin.

Samkvæmt 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 gilda ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga nr. 21/1991 um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess. Samkvæmt 119. gr. laga nr. 21/1991 skal slitastjórn gera skrá um lýstar kröfur að loknum kröfulýsingarfresti og taka þar afstöðu til þess hvernig viðurkenna skuli hverja kröfu um sig. Í 1. mgr. 120. gr. laganna segir að kröfuhafa sem ekki vill una afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu sinnar sé heimilt að bera fram mótmæli gegn afstöðu slitastjórnarinnar á skiptafundi sem haldinn er til að fjalla um lýstar kröfur. Með sama hætti er kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert, hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin.

Ekki er ágreiningur um að niðurstaða um kröfu varnaraðilans Kent County Council hefur við skiptin áhrif á hagsmuni kröfuhafanna Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. og var þeim því rétt að mótmæla afstöðu slitastjórnar varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. til viðurkenningar á kröfunni. Aðild slitastjórnar varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. að ágreiningsmálinu lýtur eingöngu að ágreiningi vegna krafna varnaraðilans Kent County Council um vexti og kostnað.

Í máli þessu snýst meginágreiningur um það hvar skipa skuli kröfu varnaraðilans Kent County Council í skuldaröð við slitameðferð varnaraðila Landsbanka Íslands hf. Í 4. tölulíð 1. mgr. 171. gr. laga nr. 21/1991 segir að í beiðni um úrlausn héraðsdóms vegna ágreinings við gjaldþrotaskipti skuli koma fram hvort skiptastjóri telji hlutaðeigandi þrotabú þurfa að eiga aðild að ágreiningsmálinu. Þá segir í 3. mgr. ákvæðisins að ef ágreiningsmálið varði hvort krafa á hendur þrotabúi verði viðurkennd skuli sá sem hefur kröfuna uppi að öðru jöfnu verða sóknaraðili málsins en búíð, eða sá sem andmælir kröfunni, varnaraðili. Eins og fram er komið taldi slitastjórn varnaraðila Landsbanka Íslands hf. sig þurfa að eiga aðild að málinu þar sem ágreiningur væri um vexti og kostnað og af þeim sökum var aðildin ákveðin með þessum hætti, þ.e. ákveðið var að kröfuhafinn, Kent County Council, yrði varnarmegin við hlið slitastjórnarinnar en þeir kröfuhafar sem andmæltu kröfunni sóknaraðilar. Þótt ekki sé ávallt þörf á að þrotabúi eigi aðild að ágreiningsmáli um kröfur á búíð er ljóst að eigandi þeirrar kröfu sem ágreiningsmál snýst um hlýtur alltaf að eiga aðild að því ágreiningsmáli. Er því frávísunarkröfum sóknaraðilanna Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. hafnað.

4.2. Í málinu er ekki ágreiningur um þá afstöðu slitastjórnar varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. að samþykkja höfuðstól kröfu varnaraðilans Kent County Council að fjárhæð 5.000.000 sterlingspunda ásamt umsömdum vöxtum fram að gjalddaga að fjárhæð 300.000 sterlingspund. Hins vegar krefjast sóknaraðilarnir, sem allir eru almennir kröfuhafar skv. 113. gr. laga nr. 21/1991, þess að hnekktt verði þeirri afstöðu slitastjórnar Landsbankans að samþykkja framangreinda kröfu sem forgangskröfu við slitameðferðina. Þá krefjast sóknaraðilarnir og varnaraðilinn Landsbanki Íslands hf. þess að hafnað verði kröfum varnaraðilans um vexti hinn 22. apríl 2009 og áfallinn kostnað fram að þeim degi, þ.m.t. forgangsrétti slíkra fjárhæða.

Ágreiningur sóknaraðila og varnaraðila lýtur í fyrsta lagi að því hvort umrædd krafa varnaraðilans Kent County Council geti talist innstæða samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og geti þar með notið forgangs við slit bankans skv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þeim lögum var breytt með 6. gr. laga nr. 125/2008 um heimild ríkissjóðs vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokallaðra neyðarlaga, og síðar 6. gr. laga nr. 44/2009.

Samkvæmt tilvitnuðu ákv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 skulu við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og um rétt hæð krafna á hendur þrotabúi, en þó skulu „kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétt hæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.“. Hugtakið innstæða er svo skilgreint í 3. mgr. 9. gr. laganna nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta þar sem segir að með innstæðu sé „átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum“. Í ákvæðinu er og tekið fram að tryggingin nái þó ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa. Þá er í 6. mgr. 9. gr. kveðið á um að einnig skuli undanskilin tryggingavernd, innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning, svo og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti.

Sóknaraðilar hafa vísað til þess að orðalag skjala vegna umræddra viðskipta varnaraðilanna, og einnig vegna slíkra viðskipta almennt, sýni að viðskiptin hafi í raun verið í formi fjárfestingar eða lánsamnings og geti krafan því ekki talist innstæða. Komi þannig fyrir orð eins og „maturity“, þýtt af löggiltum skjalapýðanda sem „gjaldddagi“, „counterparty“, þýtt sem „mótaðili“ og „dealing rate“, þýtt sem „samningsvextir“. Dómurinn telur hins vegar að orðanotkun í

skjölum vegna viðskiptanna gefi engan veginn óbyggjandi vísbendingu um það hvers eðlis umrædd viðskipti voru. Þannig kemur orðið „deposit“, þýtt sem „innlán“, þar fyrir nokkrum sinnum, t.d. í samhenginu „deposit confirmation“, þýtt sem „staðfesting á innláni“, „your Pound Sterling deposit“, þýtt sem „innlánsgreiðsla yðar í sterlingspundum“ og „cash deposit“ þýtt sem „innlán í reiðufé“.

Af fyrirliggjandi skjölum verður ráðið að umrædd viðskipti varnaraðilanna hafa flokkast undir þá tegund bankaviðskipta sem í gögnum frá Landsbanka Íslands hf. eru yfirleitt kölluð „heildsöluinnlán“, og er þýðing á hugtakinu „wholesale deposit“. Sýnast þau almennt hafa verið flokkuð sem innlán í rekstri og bókhaldi bankans, auk þess sem fyrir liggur í málinu staðfesting frá Tryggingarsjóði innistæðueigenda og fjárfesta, sem ekki hefur verið hrakin, um að Landsbankinn hafi greitt af þessum innlánnum til sjóðsins. Í bréfi Landsbankans til Fjármálaeftirlitsins, dags. 29. júní 2005, kemur og eftirfarandi fram um móttöku „heildsöluinnlána“: „Landsbankinn hyggst útvíkka starfsemi útibúsins þannig að taki einnig til móttöku innlána. Um er að ræða móttöku heildsöluinnlána í nafni útibúsins sem aflað verður fyrir milligöngu Heritable Bank Ltd. Í samræmi við þetta tilkynnist hér með að starfsemi útibúsins í London verður útvíkkuð en sú starfsemi sem ætlunin er að sinna fellur undir lið 1. Móttaka innlánsfjár og annars fjár til endurgreiðslu samkvæmt lista í Viðauka 1 við Tilskipun 2000/12/EB.“

Í sérstökum samningi sem Landsbankinn (viðskiptavinurinn) og Heritable Bank Ltd. gerðu sín í milli um „umsýslu heildsöluinnlánssafna sinna og vinnslu viðeigandi gagna ...“ má finna eftirfarandi skilgreiningu eða skýringu á því hvað felst í hugtakinu „heildsöluinnlán“: „Peningafjárhæð sem fyrirtæki eða stofnun leggur inn hjá viðskiptavininum, aðallega fyrir milligöngu viðurkenndra peningamarkaðsmiðlara, sem viðskiptavinurinn greiðir fasta vexti eða annað endurgjald fyrir og sem ber að endurgreiða, að hluta eða að fullu, skv. kröfu þar um að liðnum binditíma eða á samþykktri dagsetningu og sem lúta viðeigandi skilmálum og skilyrðum viðskiptavinarins.“

Sóknaraðilar hafa vísað til þess að umdeild krafa varnaraðilans Kent County Council hafi nokkur megineinkenni sem styðji það ótvírætt að hún hafi verið í formi fjárfestingar eða lánveitingar og geti því ekki talist innstæða í skilningi laga nr. 98/1999. Hafa þeir hvað það varðar meðal annars vísað til þess að féð hafi ekki verið geymt á sérgreindum bankareikningi á nafni kröfuhafa, að féð hafi ekki verið aðgengilegt kröfuhafanum fram til útborgunardagsins, greiðslustaðurinn hafi verið hjá kröfuhafanum sjálfum en ekki bankanum og að um þessi viðskipti hafi ekki gilt staðlaðir skilmálar bankans heldur hafi aðilar viðskiptanna samið sérstaklega um vaxtakjör kröfuhafans með milligöngu sérstaks miðlara. Telur dómurinn að ekkert þessara tilgreindu einkenna verði með nokkrum hætti leidd af framangreindum lagaákvæðum sem um forgangsrétt innstæðna gilda né lögskýringargögnum vegna setningar þeirra.

Varðandi þá staðhæfingu sóknaraðilanna að féð hafi ekki verið geymt á sérstökum bankareikningi, sem opnaður hafi verið í nafni innstæðueigandans, hafa sóknaraðilarnir meðal annars vísað til þess að skilgreiningin á innstæðu í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 byggist á skilgreiningu tilskipunar nr. 94/19/EB, en þar sé í enska textanum notað orðalagið „funds left in an account“, sem skýrlega gangi út frá því að féð hafi verið lagt inn á sérgreindan reikning. Varnaraðilinn Kent County Council hefur mótmælt framangreindri staðhæfingu sóknaraðila. Vísar hann meðal annars til þess að ráðið verði af undirbúningsgögnum með tilskipuninni, þar á meðal fyrirbyggjandi athugasemdum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skilgreiningu á hugtakinu innlán, að tilvitnuðu orðalagi hafi verið ætluð mun víðtækari tilvísun. Þannig segi þar meðal annars svo: „The idea of “credit balance“ is relatively clear: In particular it is used for current accounts but is supplemented by the idea of “funds left in an account“, which is intended to indicate savings books or accounts or any other instruments in which funds generally remain for longer than in current accounts.“ Feli þetta í sér að undir hugtakið geti fallið sparnaðarbækur, sparnaðarreikningar eða hvers konar geymslustaðir þar sem fjármunir séu geymdir til lengri tíma en á hlaupareikningum. Fyrir liggur að umrætt innlán var fært í bókum bankans með tilgreindu reiknings- eða færslunúmeri en óljóst er þó hvort um hefðbundinn, sérgreindan, bankareikning hafi verið að ræða. Þegar texti tilskipunarinnar og skýring framkvæmdastjórnarinnar er virt saman verður ekki talið að tilvitnað orðalag í hinum enska texta 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar nr. 94/19/EB styðji sérstaklega þá túlkun á ákv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 að innlán þurfi að vera á sérgreindum reikningi í eigu innlánsþafa til að geta talist innstæða í skilningi laganna.

Hvað varðar önnur framangreind megininkenni á umræddu heildsöluinnláni sem sóknaraðilar vísa til horfir dómurinn til þess að fyrir liggja í málinu skilmálar vegna hefðbundinna innlánsreikninga, sem ekki hefur verið mótmælt að teljist til innstæðna, þar sem til staðar virðast vera flest tilvitnuð einkenni. Þannig má sjá í skilmálum svokallaðs fastvaxtareiknings Íslandsbanka hf. að innstæðan sé ávallt bundin til ákveðins tíma og á því tímabili sé ekki hægt að taka innstæðuna út af reikningnum. Þá kemur þar og fram að í lok binditíma verði innstæðan, að viðbættum áföllnum vöxtum, greidd inn á sérstakan ráðstöfunarreikning sem eigandinn hafi tilgreint. Samskonar ákvæði má og sjá í skilmálum hinna svokölluðu „Ice-Save-innlánsreikninga“ Landsbankans, sem flokkaðir hafa verið sem smásöluinnlán (e. retail-deposit), en þar kemur einnig fram að slíkt innlán byggist á sérstökum samningi aðilanna. Hvað það atriði varðar sérstaklega kemur skýrlega fram í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 að tryggð innstæða geti byggst á samningi aðila. Loks verður heldur ekki í því samhengi séð að milliganga sérstaks miðlara hafi nokkra sérstaka þýðingu í þessu tilliti.

Að því virtu sem að framan er rakið verður ekki fallist á að neitt framangreindra atriða, eitt út af fyrir sig eða virt með öðrum, styðji þær málsástæður sóknaraðila að krafa varnaraðilans Kent County Council geti ekki talist innstæða í skilningi laga

nr. 98/1999.

Ekki er að finna í lögskýringargögnum vegna setningar laganna nr. 98/1999, eða vegna þeirra ákvæða laga nr. 113/2006 um viðskiptabanka og sparisjóði sem fyrrgreindu lögin leystu af hólmi, nánari afmörkun á framangreindri skilgreiningu á hugtakinu innstæðu í 3. mgr. 9. gr. nr. 98/1999 sem hér skiptir máli. Hafa sóknaraðilarnir hins vegar haldið því fram að túlka beri umrætt skilgreiningarákvæði þröngt með hliðsjón af því að með ákvæði 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 sé verið að veita innstæðueigendum forgang fram yfir aðra almenna kröfuhafa, auk þess sem öll slík ákvæði varðandi kröfuröð við gjaldþrotaskipti beri að túlka þröngt. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Í 21. gr. laga nr. 98/1999 kemur fram að lögin séu sett meðal annars til að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EB um innstæðutryggingar og verður því að skýra ákvæði laganna með hliðsjón af henni. Við mat á því hvort krafa varnaraðilans Kent County Council rúmist innan framangreindrar skilgreiningar laga nr. 98/1999 á hugtakinu innstæða verður þannig að líta til þess að í framangreindri tilskipun er hvergi kveðið á um að undanskilja beri slík innlánsform frá innstæðutryggingu. Þar er hins vegar í 2. mgr. 7. gr. kveðið á um að einstök aðildarríki geti ákveðið að viss innstæðuform eða tilgreindir innstæðueigendur, svo sem sveitarfélög eða stærri fjárfestar, séu undanskilin tryggingarkerfinu. Liggur fyrir að framangreind heimild hefur ekki verið nýtt í lögum nr. 98/1999, umfram það sem tilgreint hefur verið hér að framan. Þá verður og að horfa til þess að jafnvel þótt það markmið sýnist hafa vegið þungt við stofnun Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta að vernda einstaklinga og minni fjárfesta vegna greiðsluferfiðleika fjármálafyrirtækja þá er ljóst að það hlutverk sjóðsins að stuðla að almennum fjármálastöðugleika og styrkingu fjármálakerfisins á breiðum grundvelli hefur haft jafnvel enn meiri þýðingu í því tilliti. Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki séð að nein rök hnígi til annars en að skýra umrætt lagaákvæði einungis í samræmi við hljóðan þess.

Sóknaraðilar hafa einnig byggt á því að krafa varnaraðilans Kent County Council sé í formi verðbréfs í skilningi ákv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 og njóti þar af leiðandi ekki tryggingarverndar. Vísa þeir í því sambandi til skilgreiningar á hugtakinu verðbréf í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og eldri lögum um sama efni nr. 33/2003 og 13/1996, enda sé slíka skilgreiningu ekki að finna í lögum nr. 98/1999. Í 2. gr. laga nr. 13/1996, sem í gildi voru við setningu laga nr. 98/1999, kemur fram að verðbréf séu hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjárumunum. Í gildandi lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti kemur fram sú skilgreining á hugtakinu verðbréf í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. að það séu þau framseljanlegu verðbréf sem hægt sé að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki á það fallist að sú staðfesting eða kvittun sem fyrir liggur í málinu, og ber yfirskriftina „Deposit Confirmation“, þýdd sem „staðfesting á innláni“ í gögnum málsins, þess efnis að varnaraðilinn Kent County Council hafi innt af hendi greiðslu sína til varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. í samræmi við sérstakt

samkomulag þeirra hinn 4. apríl 2008, geti talist framseljanleg kröfuréttindi í framangreindum skilningi. Verður því ekki talið að krafan sé í formi verðbréfs í skilningi tilvitnaðs ákv. 3. mgr. 9. gr.

Varðandi það álitafni hvort viðtaka heildsöluinnlána geti talist til „hefðbundinnar almennrar bankastarfsemi“ verður til þess að líta að hvergi er í lögum að finna skilgreiningu á því hvað í slíkri starfsemi felst. Liggur í hlutarins eðli að skilgreining á því hlýtur að vera breytingum undirorpin í samræmi við þróun og breytingar sem verða á fjármálamarkaði. Þar sem ekkert liggur fyrir um annað en að móttaka slíkra heildsöluinnlána hafi fallið undir starfsheimildir viðskiptabanka er lúta að móttöku innlána, sbr. 1. tl. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og teljist því hluti af hinni leyfisbundnu starfsemi Landsbanka Íslands hf., verður að líta svo á að hún teljist hefðbundin í skilningi greinds lagaákvæðis.

Við aðalmeðferð málsins var á því byggt í málflutningi sóknaraðilanna Landsbanka Guernsey Ltd. og Deutsche Bank Trust Company Americas að hafna beri kröfu varnaraðilans Kent County Council um forgang þegar af þeirri ástæðu að samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar beri að beita breskum lagareglum um efni samnings varnaraðilanna með tilliti til þess að Landsbankinn hafi haft starfsstöð í London. Samningurinn falli því undir lagaákvæði um breska innstæðutryggingarkerfið en ekki það íslenska og samkvæmt breskum lagaákvæðum geti kröfur sveitarfélaga ekki notið tryggingarverndar, sem sé forsenda forgangs skv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Varnaraðilinn Kent County Council hefur mótmælt þessu, í fyrsta lagi á þeim grundvelli að um sé að ræða málsástæðu sem sé of seint fram komin en að öðrum kosti með vísan til þess að krafan falli undir íslenska innstæðutryggingarkerfið og njóti þar fullrar tryggingarverndar. Hvorki í greinargerð þessara tveggja sóknaraðila hér fyrir dómi né í þeim athugasemdum sem þeir settu fram vegna svokallaðra gagnkrafna varnaraðilans Kent County Council er vísað til þeirra sjónarmiða sem hér um ræðir. Áttu varnaraðilar þess því hvorki kost að bregðast við þessum málsástæðum undir rekstri málsins með framlagningu gagna né að reifa og rökstyðja málið með tilliti til þeirra við aðalmeðferð þess fyrir dómi. Verður í ljósi þessa að telja að um nýja málsástæðu sóknaraðilanna sé að ræða sem getur ekki komist að við úrlausn málsins, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Að virtu öllu því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að millifærsla umrædds heildsöluinnláns varnaraðilans Kent County Council inn á reikning Landsbanka Íslands hf. í greint sinn, til tímabundinnar varðveislu með tiltekinni ávöxtun, falli undir þá hljóðan fyrra málsliðs hins tilvitnaða ákvæðis 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 að teljast innstæða sem er tilkomin vegna innláns eða millifærslu sem bankanum beri að endurgreiða í samræmi við skilmála samkomulags varnaraðilanna. Þar sem sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á að innstæðan sé undanskilin tryggingarvernd samkvæmt öðrum ákvæðum laganna eða af öðrum ástæðum verður hún talin njóta tryggingarverndar skv. ákvæðum laga nr. 98/1999.

4.3. Sóknaraðilarnir Arrowgrass Master Fund Limited o.fl., Bayerische Landesbank o.fl. og Landsbanki Guernsey Ltd. krefjast þess til vara að forgangur krafna varnaraðilans Kent County Council takmarkist við 20.887 evrur. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 er Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta skylt að greiða viðskiptavini sem krefur aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu andvirði innstæðu ef aðildarfyrirtæki er að álitum Fjármálaeftirlits ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu. Þá segir í 1. mgr. 10. gr. laganna að ef eignir viðkomandi deildar tryggingarsjóðsins hrökkvi ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum skuli greiðslu úr hvorri deild skipt milli kröfuhafa þannig að krafa hvers þeirra allt að 1,7 milljónum króna, bundin við kaupgengi evru 5. janúar 1999, skuli bætt að fullu en allt umfram hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkvi til. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi að hlutverk tryggingarsjóðs viðskiptabanka samkvæmt lögunum sé að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hafi krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú geti ekki innt af hendi.

Af framangreindu verður skýrlega ráðið að Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ber að greiða tryggða innstæðu að fullu svo fremi sem nægar eignir séu til í sjóðnum. Breytir framangreint lágmarkstryggingarákvæði því engu um rétt kröfunnar til að njóta forgangs skv. 112. laga nr. 21/1991.

4.4. Sóknaraðilar byggja á því að jafnvel þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að umrædd krafa varnaraðila teljist innstæða sem njóti tryggingarverndar, og eigi þá að njóta forgangs skv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, verði því lagaákvæði ekki beitt þar sem það sé í andstöðu við ákvæði 72. og 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og samsvarandi ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu, auk meginreglna EES-samningsins. Það sama gildi og um ákvæði annarra laga er sett hafi verið vegna nátengdra aðgerða ríkisins er lutu að skiptingu bankanna, endurfjármögnun nýju bankanna og flutningi skulda og eigna þeirra. Varnaraðilinn Kent County Council hefur mótmælt þessum staðhæfingum og vísar í því sambandi meðal annars til þess að um slíkar kröfur verði ekki dæmt í máli þessu þar sem ríkið sé ekki aðili þess.

Úrlausnarefnið í þessum þætti málsins snýr í raun einungis að því hvort lögfesting framangreinds ákvæði 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, með 6. gr. laga nr. 125/2008 og síðan 6. gr. laga nr. 44/2009, kunni að fara í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, og þá með hliðsjón af túlkun á viðeigandi ákvæðum mannréttindasáttmálans og EES-réttar, með þeim afleiðingum að ákvæðinu verði ekki beitt svo gilt sé, en lýtur hins vegar ekki að því hvort íslenska ríkið kunni að hafa bakað sér bótaskyldu vegna lagasetningarinnar.

Ekki verður á það fallist að réttarfarsnauðsyn beri til þegar svo háttar sem hér að íslenska ríkið þurfi að vera aðili máls. Er það á valdi dómstóla að úrskurða, án þess að aðild ríkisins sé þar nauðsynleg, hvort tiltekin lagafyrirmæli sem um er deilt fari í bága við ákvæði stjórnarskrár með þeim afleiðingum að á þeim verði ekki byggt. Í máli þessu getur hins vegar ekki komið til neinnar skoðunar hvort önnur ákvæði þeirra laga, eða nátengdrar löggjafar, er ekki lúta að forgangi innstæðna, fari gegn ákvæðum stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er eignarrétturinn friðhelgur og engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Innihald 1. gr. fyrsta viðauka mannréttindasáttmála Evrópu er í meginráttum það sama.

Eins og fyrr greinir var 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki breytt með 6. gr. laga nr. 125/2008, svokallaðra neyðarlaga, og síðar 6. gr. laga nr. 44/2009 á þann veg að kröfur um innstæður samkvæmt lögum nr. 98/1999 skyldu frá gildistöku þeirra teljast til forgangskrafna skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð fjármálafyrirtækja. Telja sóknaraðilar, sem allir eru eigendur krafna sem hafa stöðu almennra krafna við slitameðferð Landsbanka Íslands hf., að þessar aðgerðir ríkisins hafi falið í sér óheimila skerðingu á verðmæti kröfuréttinda þeirra og valdið þeim með því umtalsverðu tjóni. Hafi stöðu þessara krafna og verðmæti verið breytt eftir á með setningu laganna og fái slík lagasetning ekki staðist. Þá hafi þeir haft lögmætar væntingar sem varðar séu af 72. gr. stjórnarskrárinnar varðandi þá málsmeðferð sem íslensk löggjöf mælti fyrir um ef til gjaldþrots íslensku bankanna kæmi.

Fallist er á það með sóknaraðilum að kröfur þeirra, sem teljast takmörkuð eignarréttindi, njóti verndar af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar hins vegar úr því er leyst hvort ákvæði 6. gr. laga nr. 125/2008 hafi haft í för með sér slíka skerðingu á þessum réttindum sóknaraðilanna að samsvari eignarnámi eða feli á annan hátt í sér svo almenna takmörkun á eignarrétti þeirra að fari í bága 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar verður meðal annars að líta til eðlis þeirra ráðstafana sem hér um ræðir, markmiðs þeirra og afleiðinga auk þess hvaða aðstæður voru uppi í þjóðfélaginu þegar gripið var til þeirra.

Eins og lýst hefur verið var með gildistöku ákvæðis 6. gr. laga nr. 125/2008 gerð breyting á þeirri skipan sem fyrir var um réttindaröð krafna við slitameðferð fjármálastofnana. Verður ekki annað ráðið en að ákvæðinu hafi verið ætlað að ná til ótilgreinds hóps innstæðueigenda, en fyrirsjáanlegt var að breyting þessi gæti hugsanlega orðið á kostnað óskilgreinds hóps annarra kröfuhafa með þeim hætti að þeir fengju fyrir bragðið minna til úthlutunar upp í sínar kröfur við slitameðferð og jafnvel ekki neitt. Tóku lögin gildi við birtingu og gildi ákvæði þetta því við

slitameðferðir þeirra fjármálafyrirtækja sem tekin voru til slitameðferðar eftir þann tíma. Enda þótt ljóst sé að mjög stuttur aðdragandi hafi verið að setningu laga nr. 125/2008 verður ekki annað séð en að fyrirkomulag þetta hafi verið í samræmi við það hvernig að slíkum málum hafði áður verið staðið er breytingar voru gerðar á gildandi forgangsréttarákvæðum við gjaldþrotaskipti. Verður ekki á það fallist með sóknaraðilum að þeir eigi skilyrðislausan stjórnarskrárvarinn rétt til að verða meðhöndlaðir í samræmi við þær forgangsreglur gjaldþrotaskiptalaga sem giltu þegar samningar þeirra við varnaraðilann Landsbaka Íslands hf. komust á. Breytir engu í því sambandi þótt í tilviki sóknaraðilans Deutsche Bank Trust Company Americas hafi verið kveðið á um það í samningi hans við Landsbankann að kröfurnar væru jafnsettar innstæðum og öllum öðrum ótryggðum skuldbindingum. Þá hefur ekkert komið fram um að stjórnvöld hafi, á þeim tíma sem sóknaraðilar eignuðust kröfur sínar, aðhafst eitthvað það sem gefið hafi sóknaraðilum ástæðu til að ætla að breytingar yrðu ekki gerðar á réttindaröð við gjaldþrotaskipti á fjármálastofnunum, jafnvel í neyðarástandi.

Ekkert liggur fyrir um það í máli þessu að kröfur sóknaraðila hafi verið gjaldfallnar við gildistöku laganna. Þá verður hér og að hafa í huga að enda þótt eigendum innstæðna hafi með hinni umdeildu lagasetningu verið veittur forgangur í kröfuröð umfram sóknaraðila og aðra almenna kröfuhafa liggur ekki ljóst fyrir í málinu, og telst ósannað, að verðmæti krafna sóknaraðilanna hafi við það skerst, og þá hversu mikið, miðað við að til þessara ráðstafana hefði ekki verið gripið.

Af lögskýringargögnum með frumvarpi til laga nr. 125/2008 verður ráðið að þau hafi verið sett með það að markmiði að tryggja almannahagsmuni og tryggja og endurreisa fjármálalegan stöðugleika. Er þannig í framsöguræðu forsætisráðherra og ræðu viðskiptaráðherra við 1. umræðu frumvarpsins minnst á að hætta sé á að bankarnir loki, greiðslukerfið frjósi eða hrynjji og verði ekki virkt. Kemur og fram að liður í þessum aðgerðum sé að ríkið hafi lýst yfir „að allar innstæður í íslenskum bönkum á Íslandi eru tryggðar að fullu og án hámarks“, og að gera eigi innstæður að forgangskröfum við slit fjármálafyrirtækja, sbr. áður tilvitnaða 6. og hins vegar 9. gr. laganna, er kveður á um að krafa Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta njóti rétthæðar skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Með hliðsjón af framangreindu og öðrum gögnum málsins sýnist ljóst að lagasetning þessi hafi verið til þess fallin að viðhalda trausti einstaklinga og fyrirtækja á því að innstæður þeirra yrðu tryggðar og að bankastarfsemi yrði áfram haldið gangandi. Var með því komið í veg fyrir áhlaup á bankana og tryggð virkni bankakerfisins, sem var nauðsynleg forsenda þess að ekki yrði hér efnahagslegt hrun. Tilgangurinn sýnist miklu fremur hafa verið sá að varðveita virkni hagkerfisins en að tryggja hagsmuni einstakra innstæðueigenda. Verður og að telja að forgangsákvæðið hafi verið óhjákvæmilegt til að tryggt yrði að ríkið gæti staðið undir framangreindri ábyrgð sinni á innstæðum, bæði í eigu innlendra og erlendra aðila. Samkvæmt þessu verður á það fallist með varnaraðilanum Kent County Council að brýna nauðsyn hafi borið til að velja þessa leið til að forða ríkinu frá yfirvofandi greiðsluþroti og samfélaginu frá efnahagshruni. Helguðust þessar aðgerðir ríkisvaldsins því augljóslega af ríkum almannahagsmunum.

Þá verður og að telja, með hliðsjón af þeim aðstæðum sem uppi voru við umrædda lagasetningu er að framan var lýst, og þeirri brýnu þörf sem vissulega var til staðar á að stjórnvöld brygðust skjótt við, að sóknaraðilar hafi ekki sýnt nægilega fram á að aðgerðir þessar varðandi forgang innstæðna hafi gengið lengra en brýna nauðsyn bar til í því skyni að ná því markmiði að forða þjóðinni frá efnahagslegu hruni og tryggja þar með hag hins almenna borgara.

Þegar til alls framangreinds er litið er það niðurstaða dómsins að sóknaraðilar hafi hvorki sýnt fram á að umdeilt ákvæði um forgangsrétt innstæðna í 6. gr. laga nr. 125/2008 hafi skert eignarréttindi þeirra með afturvirkum hætti svo að í bága fari við 72. gr. stjórnarskrárinnar né að fulls meðalhófs hafi ekki verið gætt við setningu þess.

Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila að umrætt lagaákvæði brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar þegar af þeirri ástæðu að kröfur sóknaraðilanna og tryggðra innstæðueigenda eru ekki sambærilegar. Er í því sambandi sérstaklega litið til þess að í alþjóðlegu tilliti er viðurkennd sú sérstaða innstæðna, gagnvart almennum kröfum af öðrum toga, er tengist trausti einstaklinga og fyrirtækja á því að innstæður þeirra séu tryggðar, sbr. áður tilvitnaða tilskipun nr. 94/19/EB og staðfestingu þeirra með lögum nr. 98/1999. Hefur því hér að framan verið lýst að almennt sé talið að skortur á slíku trausti sé til þess fallinn að hrinda af stað áhlaupi á banka með alvarlegum afleiðingum fyrir stöðugleika fjármálakerfisins í heild og þar með almannahagsmuni.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða dómsins að umrætt ákv. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 brjóti hvorki gegn eignarréttarákvæði 72. gr. né jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Verður því ekki fjallað um þær málsástæður sóknaraðila sem lúta að stjórnskipulegum neyðarrétti.

4.5. Eins og áður var rakið er ágreiningur uppi á milli sóknaraðilanna og varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. annars vegar og varnaraðilans Kent County Council hins vegar um kröfu hans til vaxta hinn 22. apríl 2010, sem er gjalddagi innlánsins og jafnframt upphafsdagur slitameðferðarinnar, og til kostnaðar sem hann kveður hafa fallið á fyrir 22. apríl 2009. Fyrir liggur að varnaraðilarnir hafa hvorki samið um það hvort eða hvaða vexti Landsbankinn skyldi greiða yrði innlánið ekki greitt út á gjalddaga né hvers lands lögum skuli beita um samningssamband aðilanna. Þar sem umrædd innlánskrafa telst einkaréttarleg samningsskuldbinding í skilningi laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar verður að leysa úr ágreiningi aðilanna á grundvelli þeirra laga. Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 skal í slíkum tilvikum beita lögum þess lands sem samningurinn hefur sterkust tengsl við. Þá kemur fram í lokamálslið 2. mgr. 4. gr. laganna að ef efna eigi aðalskyldu samnings samkvæmt

ákvæðum hans á annarri starfsstöð en þar sem aðili hefur aðalstarfsstöð sína skuli beita lögum þess lands þar sem sú starfsstöð sé. Með hliðsjón af framangreindu, og þar sem telja verður að Landsbanka Íslands hf. hafi borið að efna aðalskylduna um endurgreiðslu innlánsfjárhæðarinnar í útibúi bankans í London, verður að leysa úr ágreiningi aðilanna um vexti á þessu tímabili og kostnað á grundvelli breskra laga. Er því hafnað kröfu varnaraðilans um greiðslu dráttarvaxta skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu hinn 22. apríl 2009.

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands hf. hefur lagt fram í málinu yfirlit bresku lögmannsstofunnar Morrison og Foerster um ákvæði evrópskra laga um vexti og kostnað og vísar hann til þess í málatilbúnaði sínum. Verður ekki séð að efni yfirlitsins hafi sætt sérstökum mótmælum, enda þótt sóknaraðilarnir og varnaraðilinn Landsbanki Íslands hf. hafi mótmælt því almennt að þar tilgreindar reglur eigi við og telji að tilvist þeirra hafi ekki verið nægilega leidd í ljós, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Telur dómurinn að horfa megi til þessa yfirlits við mat á því hvort og þá hvaða bresk lagaregla geti átt við í þessu efni.

Í yfirliti lögmannsstofunnar eru meðal annars rakin ákvæði um vexti samkvæmt breskri reglugerð um greiðsluþrot frá árinu 1986. Kemur þar fram að í 93. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar sé kveðið á um á hvaða grunni kröfuhafi við gjaldþrotaskipti geti krafist vaxta af skuld. Segi í 1. tölulið ákvæðisins að þegar samþykkt krafa beri vexti verði þeir samþykktir sem hluti skuldarinnar að undanskildum þeim hluta vaxtanna sem falli í gjalddaga eftir upphafsdag skipta. Þá komi fram í 2. og 3. tölulið að ef skuldin byggir á skriflegu skjali og sé gjaldkræf á tilteknum tíma verði krafist vaxta fyrir tímabilið frá þeim degi til upphafs dags skiptanna. Loks segi í 6. tölulið að vextir sem krafist verði samkvæmt 3. tölulið séu þeir vextir sem gildi samkvæmt 17. gr. breskra laga um dóma frá 1838 á upphafsdegi skipta, en þeir eru samkvæmt gögnum málsins 8% ársvextir. Þar sem ekkert er komið fram um að ákvæðum þessum verði ekki beitt um greiðslu þeirra vaxta og þess kostnaðar sem hér um ræðir er það niðurstaða dómsins að leggja megi þessi lagaákvæði til grundvallar við úrlausn á umræddri vaxtakröfu varnaraðilans. Samkvæmt því verður fallist á varavaxtakröfu sóknaraðila um 8% ársvexti á kröfu hans hinn 22. apríl 2009.

Samkvæmt lögum nr. 44/2009 gilda reglur laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. í meginatriðum um slitameðferð fjármálafyrirtækja, þar á meðal um meðferð krafna á hendur slíku fyrirtæki. Samkvæmt 1. tölulið 114. gr. gjaldþrotaskiptalaga eru kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu samkvæmt 112. eða 113. gr., sem hafa fallið til eftir að úrskurður gekk um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, eftirstæðar kröfur. Með gagnályktun frá þessu ákvæði verður vaxtakrafa hinn 22. apríl 2009 viðurkennd með kröfunni sem forgangskrafa. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu Arrowgrass Master Fund Limited o.fl. og Bayerische Landesbank o.fl. að vextir sem féllu til eftir 6. október 2008, þegar Landsbankanum var samkvæmt tilkynningu Fjármálaeftirlitsins ófært að standa við skuldbindingar vegna innstæðna, geti ekki notið forgangs.

Varnaraðilinn Kent County Council gerir kröfu um áfallinn kostnað að fjárhæð 1.071,34 sterlingspund. Kveðst hann hafa orðið fyrir tilgreindum kostnaði vegna nauðsynlegra aðgerða hans til að verja hagsmuni sína í íslensku gjaldþrotamáli. Samkvæmt fyrrgreindu yfirlitsblaði Morrison og Foerster kemur fram að almenna reglan samkvæmt reglugerðinni um greiðsluþrot frá 1986 sé að sérhver kröfuhafi skuli bera kostnaðinn af því að sanna kröfur sínar en að dómstólar hafi heimild til að úrskurða um kostnað. Samkvæmt kröfulýsingu varnaraðilans er um að ræða lögfræðikostnað, þar með talinn kostnað vegna funda og bréfaskipta við skilanefnd varnaraðilans Landsbanka Íslands hf. og ýmsa opinbera íslenska aðila. Ekki verður af gögnum málsins ráðið með vissu hvernig fjárhæð umrædds kostnaðar er fengin eða hvenær til hans var stofnað. Þegar það er virt, og með hliðsjón af því að krafa varnaraðilans féll ekki í gjalddaga fyrir en eftir að Landsbanki Íslands hf. var kominn í greiðslustöðvun, verður ekki séð að nauðsyn hafi borið til að leggja út í umræddan kostnað nema að því leyti sem varnaraðilinn Kent County Council þurfti að sanna kröfu sína. Þykir varnaraðilinn því ekki hafa sýnt fram á það með haldbærum gögnum að hann eigi réttmæta kröfu að þessu leyti og verður henni því hafnað.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið er það niðurstaða þessa máls að krafa varnaraðilans Kent County Council að fjárhæð 5.000.000 sterlingspunda, ásamt vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði, er viðurkennd sem forgangskrafa.

Með vísan til þess að veruleg vafaatriði þykja vera fyrir hendi í máli þessu þykir rétt, með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Úrskurð þennan kveða upp héraðsdómararnir Ásgeir Magnússon, sem dómsformaður, Greta Baldursdóttir og Ingveldur Einarsdóttir.

ÚRSKURÐARORÐ

Krafa varnaraðilans, Kent County Council, að fjárhæð 5.000.000 sterlingspunda, með 6% sammingsvöxtum frá 22. apríl 2008 til 21. apríl 2009 en með 8% ársvöxtum hinn 22. apríl 2009, er viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112.

gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila Landsbanka Íslands hf.

Málkostnaður fellur niður.

Ásgeir Magnússon

Greta Baldursdóttir

Ingveldur Einarsdóttir